

Sóknarfæri

Ágúst 2023

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023

Allt um Iðnaðarsýninguna 2023



RIT
FORM



■ Ritsýn ehf. er reynslumikið fyrirtæki í sýningarhaldi og hélt þrjár sýningar í Laugardalshöll á síðasta ári.

Iðnaðurinn fær sviðið á stórsýningu í Laugardalshöll

Iðnaðarsýningin 2023 stendur yfir í Laugardalshöll dagana 31. ágúst til 2. september. Að henni stendur fyrirtækið Ritsýn ehf. í samstarfi við Samtök iðnaðarsins en stór og fjölbreyttur hópur fyrirtækja sem tengist iðnaði á Íslandi tekur þátt í sýningunni.

Yfir 100 fyrirtæki taka þátt

Ritsýn hefur áralanga reynslu í sýningarhaldi og hélt m.a. þrjár sýningar í Laugardalshöll á síðasta ári, þ.e. sjávarútvegssýningu, landbúnaðarsýningu og sýninguna Stóreldhúsið sem er reglubundin fagsýning fyrir stóreldhúsageirann.

Nú er komið að íslenskum iðnaði og hefur undirbúningur Iðnaðarsýningarinnar 2023 staðið yfir undanfarna mánuði. Yfir 100 fyrirtæki taka þátt í sýningunni, bæði í sýningarsal og einnig úti fyrir sýningarhöllinni í Laugardal.

Fjölbreyttur íslenskur iðnaður kynntur

Iðnaðarsýningin 2023 spannar vítt svið og koma sýningargestir til með að fá innsýn í fjölbreytileika þessa hluta íslensks atvinnulífs. Fyrirtæki á sýningunni kynna vörur og þjónustu sem tengjast mannvirkjagerð, orkuframleiðslu, fjölbreyttri iðnaðarframleiðslu, hugverkaiðnaði, grænum launsum, nýsköpun, hönnun og þannig mætti lengi telja. Sýningin endurspeglar því þá miklu fjölbreytni sem er á iðnaðarsviðinu á Íslandi sem spannar um fimm tung landsframleiðslunnar og er því snar þáttur í íslensku hagkerfi.

Líkt og fram kemur í blaðinu stendur Iðnaðarsýningin í þrjá daga og verður opin kl. 14-19 fimmtudaginn 31. ágúst, kl. 10-18 föstudaginn 1. september og kl. 10-17 laugardaginn 2. september.

ritsyn.is



■ Það verður iðandi mannlíf og margt að sjá á Iðnaðarsýningunni 2023 í Laugardalshöll.

Sóknarfæri

Frumkvæði og fagmennska í íslenskum sjávarútvegi

Útgefandi: Ritform ehf.

Ritstjóri: Jóhann Ólafur Halldórsson (ábm).

Umsjón, og textavinnsla: Ritform ehf.



Rafræn útgáfa á blaðinu er á ritform.is og visir.is

Við erum líka á Facebook!



Prentun: Landsprent

Dreifing: Íslandspóstur

Hönnun og umbrot: Guðmundur Þorsteinsson - Guddli.

Auglýsingar: Inga Ágústsdóttir inga@ritform.is

SÉRHÆFING Í ÚTGÁFU KYNNINGARBLAÐA

Ritform ehf. sérhæfir sig í útgáfu kynningarblaða fyrir íslenskt atvinnulíf þar sem fjallað er um sjávarútveg, fiskeldi, ferðamál og fleira. Auk þess gefur fyrirtækið út sjávarútvegstímaritið Ægi og rekur sjávarútvegsfréttaveituna Auðlindina.



KAPP ehf

HEIMILI IÐNAÐAR MANNSINNS



IÐNAÐARSÝNINGIN
2023

Sjáumst
í Laugardalshöll
Bás B4, (beint við innganginn)

31. ágú. – 2. sept.



Víðtæk þjónusta fyrir alla iðnaðarstarfsemi



■ Höfundur er Erna Kristjánsdóttir, markaðsstjóri Ísfells.

Ísfell er leiðandi fyrirtæki í hönnun, sölu og þjónustu á útgerðar-, fiskeldis-, iðnaðar- og öryggislausnum. Þjónusta fyrirtækisins markast af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og framúrskarandi starfsfólki með víðtæka þekkingu á ýmsum búnaði fyrir sjávarútveg og iðnað.

Sérhæfing í hífi- og fallvarnbúnaði

Ísfell er eina fyrirtækið á Íslandi sem er meðlimur í Lifting Equipment Engineers Association (LEEA). LEEA eru alþjóðasamtök lyftitækniþreina, sem starfa á heimsvísu og eru leiðandi samtök hvað varðar alla starfsemi fyrirtækja sem nota og framleiða hífbúnað. Starfsmenn Ísfells sækja regluleg námskeið hjá LEEA og sýna fram á kunnáttu sína með skriflegum prófum. Ef ásættanlegur árangur næst í prófum fær viðkomandi starfsmaður prófskírteini útgefið af LEEA sem sýnir fram á hæfni til að taka út hífbúnað hvar sem er í heiminum.

Ísfell sérhæfir sig í sölu á hífi- og fallvarnbúnaði og hefur leyfi til að skoða búnað sem skylt er að gera a.m.k. einu sinni á ári. Birgjar Ísfells eru með áratuga reynslu í framleiðslu á hífi- og fallvarnbúnaði og þar með uppfylla þeir alla ströngustu öryggisstaðla í iðnaði. Helstu birgjar fyrir hífi- og fallvarnbúnað eru: Green Pin, Pewag, Crosby Straightpoint og Crosby Gunnebo, OX worldwide, Columbus McKinnon, Yale, Stahl, Kratos, Skylotec, Ikar, Deltaplus o.fl. Góð ending búnaðar og öryggi eru ávallt höfð að leiðarljósi þegar kemur að vöruúrvali Ísfells.

Með aukinni öryggismenningu er orðið sífellt algengara að fyrirtæki sendi starfsmenn sína á rafrænt hífi- og/eða fallvarnarnámskeið hjá Ísfalli þar sem farið er yfir notkun og meðhöndlun slíks búnaðar. Á námskeiðunum er lögð áhersla á að minnka slyshættu með rétttri meðhöndlun búnaðar og að búnaður endist sem lengst. Að loknu námskeiði og eftir að þátttakendur hafa sýnt fram á þekkingu sína á námsefninu, gefur Ísfall út viðurkenningarskírteini um að viðkomandi hafi tekið námskeið hjá fyrirtækinu með fullnægjandi árangri. Námskeiðið má nálgast á heimasíðu Ísfells: www.isfell.is

Crosby vörur bætast í vöruúrvalið

Ísfell er stöðugt að bæta í vöruúrvalið hjá fyrirtækinu. Nýjasta nýtt eru vörur frá Crosby: Straightpoint H-lás, Radiolink plus vigt, BlueLink álagsmælur og Insight ásamt Blockcam myndavélakerfi fyrir allar tegundir af krönum. H-lásinn er fullkomin lausn þegar um takmarkað hífingarrými er að ræða eða verulega þung verkefni. Þráðlaus drægni lássins er 1000 m og uppfærsluhraði 3Hz. Auðvelt er að stilla lássinn til að keyra á leiðandi hraða 200Hz, ef þörf er á kraftmiklum álagsmælum. Hægt er að nota lássinn með Straight SW-PTP hugbúnaði sem gerir kleift að framkvæma álagspróf í öruggri fjárlægð og útbúa rauntíma prófunarvottorð á staðnum. Álagsmælarnir, BlueLink og Insight, geta höndlað 6,5 tonn til 25 tonn og styðjast við þráðlausa Bluetooth tækni sem tengist við iOS eða Android tæki. Það þýðir að hægt er að kveikja og slökkva á álagsmælunum með snjalltæki eða með hugbúnaði. Þetta er tækninýjung sem iðnaðarstarfsemi ættu að kynna sér því Crosby er búin að ná að útiloka nánast allan viðhalds- og viðgerðarkostnað sem fylgir slíkum búnaði með því að engar snúrur eða tengi eru lengur áföst við tækin. Að lokum viljum við hjá Ísfalli benda á Blockcam myndavélakerfið sem passar á allar tegundir af krönum. Myndavélakerfið er tengt við tvær myndavélar sem leiðir til óhindraðs útsýni yfir



■ Straightpoint álagsmælur - Insight er meðal nýjunga hjá Ísfalli. Þráðlaust innra loftnet með 700 metra drægni. Kveikt og slökkt er á tækinu með snjalltæki eða hugbúnaði.



■ Stafraen Straightpoint Radiolink plus vigt byggir á þráðlausri álags- og þyngdarmælingu. Ofhleðsluvörn er innbyggð í tækið og drægnin er um 1000 metrar.



■ Ísfall býður Blockcam myndavélakerfi fyrir allar tegundir af krönum.



■ Hjá Ísfalli er fjölbreytt úrval af fallvarnarlausnum frá Ikar, Kratos og Skylotec.



■ Ísfall býður upp á fjölbreytt úrval af vinnufatnaði, öryggis- og sýnileikafatnaði.

vinnusæðið sem er verið að vinna með. Það tryggir öryggi starfsmanna, búnaðar og bílafloða sem eru á jörðu niðri. Með þessu öflugra myndavélakerfi er hægt að koma í veg fyrir slyss og skemmdir á dýrum búnaði.



■ Cyclop brettavafningsvél, allt frá handvirkum vélum upp í nýjstu tækni sem eru rafrænir róbótar.

Öryggið í fyrirrúmi

Í fallvörnum býður Ísfall nýja línu sem eru vörur frá Skylotec í Þýskalandi. Skylotec eru fremstir meðal jafningja þegar kemur að því að framleiða vörur fyrir vindmyllugarða. Fyrirtækið hefur þróað og framleitt fallvarnarlausnir í yfir 70 ár og er með umfangsmikið vöruúrval sem Ísfall er að byrja að selja. Búnaðurinn hentar vel fyrir alla iðnaðarvinnu, ásamt því að hann er kjörinn fyrir björgunarsveitir og þá sem stunda fjallgöngur við erfiðar aðstæður. Skylotec fylgir alþjóðlegum gæðastöðlum þegar kemur að öryggisbúnaði.

Öruggar vinnuaðstæður skipta Ísfall máli, hvort sem það er hjá fyrirtækinu sjálfu eða hjá viðskiptavinum. Nú þegar farið er að líða að hausti þurfa fyrirtæki að huga að viðeigandi öryggisfatnaði fyrir starfsmenn sína. Ísfall býður fjölbreytt úrval af vinnufatnaði, öryggis- og sýnileikafatnaði. Sýnileikafatnaður er lykilatriði þegar dimmt er og skyggni lítið. Ísfall selur eingöngu vörur frá viðurkenndum framleiðendum sem uppfylla þá öryggisstaðla sem eru til staðar til að tryggja fyllsta öryggi og gæði. Mikil breidd er í vöruúrvali fyrirtækisins sem gerir að verkum að allir geta fundið eitthvað sem hentar.

Þar sem Ísfalli er umhugað um öryggi þá gleymir fyrirtækið ekki að huga að lausnum til að tryggja öryggi verðmæta. Ísfall selur hagkvæmar bindi- og þökkunarlausnir frá Cyclop International. Fyrirtækið hefur verið með starf-

semi allt frá árinu 1912 og er þekkt um allan heim fyrir að vera leiðandi í þökkunarlausnum. Margar lausnir eru í boði fyrir ólíkar þarfir og afkastagetu. Allt frá handvirkum vélum upp í nýjstu tækni sem eru sjálfvirkir róbótar. Allir geta fundið viðeigandi þökkunarlausnir sem henta þeirra starfsemi.

Öryggisvika Ísfells 3.-11. október

Þess ber að geta að Ísfall og The Crosby Group munu ferðast um landið 3.-11. október með sýningarrými á hjólum / öryggisvagninn Rig Smart Trailer. Sérfræðingar Ísfells og Crosby Group munu í ferðinni gefa innsýn í lykilorði öruggari og skilvirkari vinnustaðamenningar. Hver þátttakandi mun fá kynningu á hvernig meðhöndla skal ákveðinn búnað á öruggan hátt. Reynslunni og þekkingunni geta starfsmenn síðan miðlað til annarra starfsmanna innan síns fyrirtækis. Vörusýning verður til staðar þar sem sýndar verða keðjur, krókar, ásamt álagmælum fyrir öruggari og skilvirkari hífingar. Framkvæmd verða álag- og slitpróf á vörum. Auglýsing um viðburðinn mun birtast á Facebook síðu Ísfells í byrjun september.

isfell.is



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Kíktu í heimsókn á bás **B19** á Iðnaðarsýningunni
31. ágúst til 2. september í Laugardalshöll

Sánulausnir



Slökun og náttúruleg vellíðan



HARVIA
Sauna & Spa

Fullbúin hús

Fullkomin fyrir íslenska náttúru



Starfsmenn okkar aðstoða þig við val á húsi, gólfefnum
og innréttingum. Sendu fyrirspurn á hus@husa.is

Við þurfum að rjúfa kyrrstöðuna



■ Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins. „Staðreyndin er sú að Ísland er ekki sjálfstætt né sjálfbært í orkumálum. Ef húshitun er undanskilin annar græn raforka einungis um helmingi af orkuþörf landsins.“



„Íslenskt raforkukerfi er komið að þolmörkum og má segja að kerfið sé fulllestað, enda hefur mjög takmarkað verið virkjað hér á landi á síðastliðnum áratug eða svo. Þá hafa hindranir í flutningskerfi raforku einnig áhrif en þetta tvennt leiðir til þess að við stefnum að óbreyttu inn í raforkuskort. Það skýtur skökku við í samhengi við loftslagsmarkmið og þá sérstaklega markmið um full orkuskipti á Íslandi,“ segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs Samtaka iðnaðarins í samtali við Sóknarfæri.

Snýst um orkusjálfstæði Íslands

Sigríður segir að raforkukerfið á Íslandi hafi á síðustu árum ekki einu sinni vaxið nægjanlega til að halda í við fjólfjölgun og almenna þróun samfélagsins. Umræða um orkumál og orkuöflun hafi verið í skotgröfum í langan tíma og mál að linni.

„Helsta ástæða kyrrstöðu í orkumálum er pólitísk andstaða, en hávær hópur fólks hefur haldið frekari orkuöflun hér á landi í gíslingu um langt árabíl. Þá hefur andstöðu við orkuöflun orðið vart hjá ríkisstofnunum og einnig sumum sveitarfélögum. Sveitarfélögin eru oft á tíðum sett í erfiða stöðu. Þegar kemur að stórum og mikilvægum þjóðhagslegum framfarum þyrfti ríkið að bera meiri ábyrgð, lítil sveitarfélög ráða einfaldlega ekki við verkefnið. Þá hafa ríkisstofnanir sem sinna þessum málaflokki brugðist sínu hlutverki, það hefur ekki verið til staðar nein sýn um orkuþörf Íslands til framtíðar. Þetta hefur meðal annars leitt af sér ákveðinn misskilning um að ekkert þurfi að virkja fyrir orkuskipti, sem er auðvitað fjarri sannleikanum.“

Þegar fólk áttar sig á að aðgangur að grænni orku er forsenda nútímasamfélags, árangurs í loftslagsmálum, verðmæta-sköpunar og aukinna útflutningstekna, þá blasir þetta ódrúvisi við. Náttúruvernd felst einnig í að draga úr mengun en það gerum



Veruleikinn er sá að við erum að auka innflutning á jarðefnaeldsneyti ár frá ári þótt stjórnvöld hafi sett það markmið að Ísland verði hætt innflutningi á olíu og bensíni árið 2040 eða eftir 17 ár.

við með því að skipta út olíu fyrir græna orku. Nýlegar skoðanakannanir sýna raunar að mikill meirihluti þjóðarinnar er hlynntur því að hér verði aflað meiri grænnar orku enda áttar fólk sig á að það sé nauðsynlegt til að tryggja full orkuskipti og efla um leið orkusjálfstæði Íslands.“

Óraunhæfar hugmyndir um lokun álvera

Við spyrjum Sigríði um fullyrðingar náttúruverndarfólks og raunar fleiri um að næg virkjuð orka sé fyrir hendi á Íslandi en hún sé frátekin fyrir myntgróft og stóriðju og að betra sé að rifta einhverjum samningum við slíka aðila fremur en að ráðast í frekari virkjanir.

„Ef við horfum raunsætt á þessa stóru mynd þá liggur fyrir að Ísland er ekki að fullu sjálfstætt né sjálfbært í orkumálum. Ef húshitun er undanskilin annar raforka einungis um helmingi af orkuþörf landsins. Innflutningur á olíu annar hinum helmingnum. Þessi staða er í andstöðu við þá grænu ímynd sem við viljum státa okkur af. Að snúa þessu tafli við með patentlausn á borð við þá að loka einu álveri eða svo tel ég bæði óraunhæft og óskynsamlegt enda lokar enginn álveri nema eigandinn. Stóriðjan er ein helsta og mikilvægasta stoð útflutnings Íslands og skilar gríðarlegum verðmætum inn í íslenskt þjóðarþú. Lokun stóriðju hefði því mikil og neikvæð áhrif á



■ „Nýlegar skoðanakannanir sýna að mikill meirihluti þjóðarinnar er hlynntur því að hér verði aflað meiri grænnar orku enda áttar fólk sig á að það sé nauðsynlegt til að tryggja full orkuskipti og efla um leið orkusjálfstæði Íslands,“ segir Sigríður Mogensen í samtali.

lífskjör hér á landi. Loks minni ég á að ál, framleitt á Íslandi, er grænna og umhverfisvænna en ál sem framleitt er annars staðar í heiminum.“

Sigríður segir að hvað gagnaverin varði þá noti þau um 5% af þeirri raforku sem framleidd er og skili um 20 milljörðum í útflutningstekjur. „Þá skulum við muna að gagnaver eru grunnstoð í upplýsingatæknivæddum heimi og margar af þeim þjóðum sem við viljum helst bera okkur saman við leggja mikið kapp á að efla og stækka þann iðnað. Gagnaverin á Íslandi vinna öll að því að fasa út rafmyntagróft fyrir verðmætari tegund viðskiptavina, meðal annars tengt vexti gervigreindar og ofurtölva. Það skiptir miklu máli fyrir framtíðarhagsmunum Íslands að tryggja að við séum samkeppnishæf í upplýsingatækni- og gagnaiðnaði.“

Raforkan einfaldlega uppseld

„Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum verið að vekja athygli á þeirri einföldu staðreynd að raforka á Íslandi er því sem næst upp-

seld. Án frekari virkjana blasir við alvarlegur orkuskiptur á næstu árum auk þess sem orkuskiptin verða tóm mál að tala um. Veruleikinn er sá að við erum að auka innflutning á jarðefnaeldsneyti ár frá ári þótt stjórnvöld hafi sett sér það markmið að Ísland verði hætt innflutningi á olíu og bensíni árið 2040 eða eftir 17 ár. Því miður eru stjórnvöld ekki að bregðast við þessari stöðu með nægilega markvissum hætti. Einfalda þarf og samræma ferli leyfisveitinga í stjórnkerfinu eins og aðrar þjóðir hafa gert til að liðka fyrir grænni orkuöflun. Sagan mun dæma það sem góða ákvörðun. Réttar ákvarðanir eru ekki alltaf vinsælar en fyrri orkuskipti á Íslandi hafa reynst okkur gríðarlega vel, það er óumdeilt í dag. Þau orkuskipti sem nú eru fram undan, og krefjast aukinnar framleiðslu á grænni orku, munu einnig reynast Íslandi vel til framtíðar, bæði með tilliti til loftslagsmála og þróunar samfélagsins í heild.“



BERGLIND

Náttúrulega vistvænni steypa



Létt spor inn í framtíðina

Berglind er vistvænni steypa með allt að **40% minna kolefnisspor** en hefðbundin steypa. Byggjum vistvænni framtíð með Berglindi frá BM Vallá.





■ Lýður Skúlason, deildarstjóri hjá HD ehf.

Sérþekking í þjónustu við orkuiðnaðinn

Rætt við Lýð Skúlason, deildarstjóra orku- og umhverfisiðnaðar HD ehf.

Fyrirtækið HD er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins í málmtækniþjónustu; vélbúnaði, tækniþjónustu og stálsmiði. Eitt af stærri þjónustuvíðum HD ehf. er í kringum virkjanir og tengdan stóriðnað og segir Lýður Skúlason, sem stýrir umræddri þjónustu HD, að verkefni séu mikil og sóknartækifæri til staðar, bæði hérlendis og erlendis.


„Þjónusta okkar í þessari deild HD snýr mest að virkjunum og veitum, bæði hvað varðar viðhaldsþjónustu við vélbúnað og lagnir en síðan fara vaxandi hjá okkur verkefni sem snúa að því sem kalla má kolefnisförgunariðnað og umhverfistengdan iðnað. Við höfum verið að þróa og efla þjónustu okkar við þennan hluta iðnaðar á Íslandi eftir því sem þessir aðilar hafa þurft á okkur að halda. Þessu til viðbótar erum við með þjónustu við fiskeldi, auk þess sem við sjáum um rekstur sérhæfðs verkstæðis fyrir Orku náttúrunnar,“ segir Lýður.



■ Viðgerð á leiðiskóflum fyrir túrbínu úr gufuhverfli.



■ Mikil og sérhæfð þekking hefur byggst upp hjá HD í þjónustu við orkuiðnaðinn og ekki síður sérhæfður tækjabúnaður. Hér eru unnið með búnað úr túrbínu í rennibekk fyrirtækisins sem er jafnframt stærsti málmrennibekkur landsins.



■ Lagnir í kringum orkuver og veitur eru engin smásmíði.



■ Starfsmenn HD vinna við rafal í orkuveri.

Stöðug og stór verkefni fyrir orkuviðnaðinn

Lýður og starfsmenn hans í orku- og umhverfisþjónustu hjá HD eru með starfsaðstöðu í Mosfellsbæ og þar er m.a. staðsettur stærsti málmrennibekkur landsins sem og önnur sérhæfð og öflug tæki sem á þarf að halda til að þjónusta vélbúnað orkuvera. Starfsmenn HD í Mosfellsbæ annast reglubundin viðhaldsverkefni á t.d. túrbínunum fyrir jarðvarmavirkjanir HS Orku og Orku náttúrunnar og koma einnig að viðhalds- og framkvæmdaverkefnum fyrir Landsvirkjun og önnur orkufyrirtæki eftir því sem óskað er eftir.

„Við sjáum um upptektir á gufuhverflum og rafólum fyrir HS Orku og Orku náttúrunnar og gjarnan er þetta gert þannig að sumartíminn er notaður til að taka vélbúnaðinn úr notkun og fer hann þá í allsherjar

upptekt. Þá er búnaði skipt út og við setjum niður þann búnað sem búið er að endurbýggja hjá okkur. Vetrartímenn notum við í sjálfa viðgerðarvinnuna á búnaðinum en allt gerist þetta með óverulegum truflunum í framleiðslu orkufyrirtækjanna sem skiptir miklu máli nú þegar kaupendur eru að allri orku sem framleidd er. Þetta er stöðug viðhaldshringrás, ef svo má segja, sem hefur líka að markmiði að tryggja stöðugleika í notkun búnaðarins og koma í veg fyrir bilanir,“ segir Lýður.

Ástandsvöktun með gervigreind

Ástandsgreiningar búnaðar eru meðal þjónustubátta HD í Mosfellsbæ og þær felast í skoðunum eða vöktun á búnaði orkuvera og stærri iðnfyrirtækja til að greina á frumstigi ef bilanir eru í uppsiglingu. Lýður segir fyrirtækið hafa tekið gervigreind í sína

þjónustu á þessu þjónustusviði og árangur þeirrar tækni sé þegar farinn að koma í ljós.

„Gervigreindina notum við þegar um er að ræða sitengda vöktun á búnaði, hún fylgist með einstökum þáttum á borð við hita, titring og straumtöku og lætur okkur vita ef einhver frávik eru óeðlileg og gætu verið upphaf stærri bilana. Þetta getur verið allt niður í að bolti í festingum vélbúnaðar sé að losna eða eitthvað slíkt. Við sjáum nú þegar dæmi um virkni gervigreindarinnar í svona þjónustu og ég sé mikil tækifæri til að nýta gervigreindina á þennan hátt í okkar þjónustu í framtíðinni,“ segir Lýður.

Sérhæfð þekking byggð upp

Þjónusta við stór og flókin tæki orkuvera krefst sérþekkingar og í reynd segir Lýður að HD hafi byggt upp þekkingu í þjónustu við vélbúnað í orkuviðnaði sem áður hafi

þurft að sækja erlendis. Aðgengi að reynslumiklum starfsmönnum HD og sérþekkingu þeirra hér á landi á vélbúnaðinum sé dýrmætt.

„Þekking á vélbúnaði orkufyrirtækja hefur stóraukist síðan ég kom fyrst að slíkum verkefnum fyrir rúmlega 20 árum. En vissulega sækjum við líka aðstoð erlendis frá þegar á þarf að halda til að byggja upp okkar þekkingu og verkferla,“ segir Lýður en í þeirri deild sem hann stýrir eru að jafnaði um 50-60 starfsmenn. Hann segir næg verkefni og sóknartækifæri framundan.

„Við leggjum okkur fram um að veita góða þjónustu og finnum að góð þjónusta færir okkur enn fleiri verkefni,“ segir Lýður.

hd.is

larson® - áklæðningar



Helstu kostir:

- Eldþolnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður- og efnapól
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða- og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta og áferðafallega áklæðningu við hvaða aðstæður sem er.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idx@idex.is

Byltingarkenndar nýjungar og góðar umbúðalausnir



„Umbúðagerðin er fjölskyldufyrirtæki sem hóf að framleiða umbúðir úr bylgjupappa í byrjun árs 2021 og hefur síðan þá lagt vinnu og metnað í að byggja upp og koma traustum stöðum undir reksturinn. Í því samhengi er Iðnaðarsýningin okkur mikilvæg því enn fáum við til okkar viðskiptavini sem skilja ekkert í því að þeir hafi ekki vitað af okkur fyrr. Við teljum okkur því eiga töluvert inni og því er alltaf gaman að taka þátt og auka sýnileikann. Við erum auk þess að gera afskaplega skemmtilega hluti samhliða okkar kjarnastarfsemi sem við erum spennt að kynna frekar fyrir áhugasömum sýningargestum,“ segir Sigrún Edda Eðvarðsdóttir framkvæmdastjóri Umbúðagerðarinnar ehf.

Bylgjupappinn er góður kostur

Pappakassinn gegnir ótrúlega fjölbreyttu hlutverki, allt frá því að flytja vörur milli staða eða heimsálfa yfir í að varðveita og verja eigur fólks en Sigrún Edda segir að sjálfbærni, endurnýting og endurvinnsla séu grænn þráður í starfsemi fyrirtækisins.

„Við erum sem dæmi að framleiða alls konar umbúðir sem og kassa úr bylgjupappa og prenta á þá, sé þess óskað. Að okkar mati er ekki til betra efni en pappakassi til að flytja í vörur. Bylgjupappinn sem við framleiðum úr kemur úr sjálfbærum FSC vottuðum nytjaskógum og efnið getur ekki verið náttúrlegra. Endurvinnsluhlutfall pappans er auk þess mjög hátt því bylgjupappa má endurvinna allt að 7-8 sinnum og jafnvel oftar.“

Rekstrarhagræði næst með öflugum Orwak pressum

Umbúðagerðin er sölu- og þjónustuaðili sænska fyrirtækisins Orwak sem framleiðir mjög öflugar og vandaðar baggapressur fyrir m.a. pappa og plast og hefur verið starfandi frá árinu 1971. Sigrún Edda segist þekkja af eigin raun hversu rúmmálsfrekur pappi getur verið og hversu mikil rekstrarhagræðing fáið með góðum pressum. Að minnka umfang, fækka handtökum og ferðum við að sækja eða losa geti skipt sköpum.

„Við erum sem dæmi með pressu inni á gólfi hjá okkur sem pressar 10 á móti einum en Orwak framleiðir einnig svokallaða Brickman pressu sem pressar pappann í litla múrsteina þar sem pressuhlutfallið er 20 á móti 1. Þessar pressur eru mjög víða í notkun í Svíþjóð og hafa verið til margra ára. Við fórum í mjög eftirminnlega heim sókn í dreifingarmiðstöð Ikea í Svíþjóð fyrr á árinu og þar sáum við m.a. slíka vél sem hafði verið í notkun í yfir tuttugu ár, ef ekki lengur. Við munum kynna sýningargestum nokkrar vélar frá Orwak og taka samtalið um hvaða lausn henti hverjum og einum,“ segir hún.

Pappír í lykilhlutverki í Ranpak þökkunarlausnum

„Við höfum lagt mikla áherslu á að vinna með birgjum sem leggja mikið upp úr umhverfismálum og lausnum á því sviði og er Ranpak engin undantekning,“ segir Sigrún Edda en sá framleiðandi er framarlega í heiminum í öflugum og flottum þökkunarlausnum og búnaði, þar sem pappír gegnir lykilhlutverki.



■ Fjölskyldan í Umbúðagerðinni; Eyþór Páll Hauksson, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir og sonur þeirra, Bjarni Geir Eyþórsson. Á borðinu er úrval vara sem fyrirtækið framleiðir og hin nýja og byltingarkennda jarðgerðarvél sem framleidd er í Suður-Kóreu.



■ Bjarni Geir við Orwak pressuna.

„Það hefur komið mér á óvart hve margir eru enn að nýta plastið þegar hægt er að velja umhverfisvænni lausnir og hafa sem afsökun að þeir fái svo mikið af plasti að það sé eins gott að endurnýta það. Ef við ætlum að breyta og draga úr eftirspurn verðum við að byrja einhvers staðar og þá þurfum við öll að líta í eigin barm.“

Byltingarkennd jarðgerðarvél fyrir heimilin

Það nýjasta og kannski óvæntasta sem Umbúðagerðin kynnr á Iðnaðarsýningunni er Reencle jarðgerðarvél fyrir heimili. Sigrún Edda segir hana vekja lukku víða um heim nú um stundir en vélin kemur frá Suður-Kóreu og er Umbúðagerðin fyrsti söluaðilinn á Norðurlöndum til að bjóða hana viðskiptavinum.

„Við erum mjög spennt að kynna Reencle vélin enda er hér um að ræða tæki sem jarðgerir lífræna úrganginn á um 24 klukkustundum og minnkar rúmmál hans um 90% en hægt er að setja allt að 1 kg í vélin á dag. Í stuttu máli má segja að Reencle líki í raun eftir meltingarkerfi mannsins með því að nota einkaleyfisvarinn örverumamassa sem lætur matarúrgang brotna niður á áhrifaríkan hátt á ótrúlega skömmum tíma. Afurðina sem fæst má svo nýta til að rækta upp að nýju. Einnig verðum við með Mega Reencle sem er mun stærri vél og hugsuð fyrir meira magn og stærri fyrirtæki, mótuneyti og matsölustaði en þær vélar geta tekið 20-100 kíló á dag. Suður-Kórea er lítið land, aðeins minna en Ísland en með um 50 milljónir íbúa. Þar er því lítið sem ekkert pláss fyrir urðunarstaði en stjórnvöld í Suður-Kóreu fóru þá leið að styrkja einstaklinga til kaupa á svona búnaði og minnka þannig allan lífrænan úrgang. Þetta er eitthvað sem við mætum horfa til hér á landi og taka okkur til fyrirmyndar. Þetta er framtíðin.“



Stuðlum að sjálfbæru samfélagi

Sjálfbærni í verkfræði skapar hagkvæmar lausnir, viðskiptavinum og umhverfi til hagsbóta. Við vitum að þær ákvarðanir sem við tökum í dag munu hafa áhrif á velferð fólks og umhverfis á morgun.

Þess vegna leggjum við ríka áherslu á sjálfbærni í öllu okkar starfi.

Mannvit er hluti af COWI, sem er leiðandi ráðgjafarfyrtæki á Norðurlöndunum. Við rekum níu starfsstöðvar víðsvegar um landið og með öflugum hópi sérfræðinga bjóðum við verkfræðiráðgjöf og tækniþjónustu á sviði skipulags- og umhverfismála, bygginga, orkuöflunar og iðnaðar.

www.mannvit.is



MANNVIT

a COWI company

Lífsgæði með lögnum í 55 ár



Set ehf. hefur framleitt rör á Selfossi í 45 ár og hefur um árabíl verið eini röraframleiðandi landsins. Upphafid nær þó lengra aftur eða til ársins 1968 þegar Steypuiðjan sf. hóf framleiðslu á steinrörum og fleiri vörum. Set hefur því í 55 ár þjónað innlendum lagnamarkaði. Í árunna rás hafa bæst við ýmsar fleiri gerðir röra og rökakerfa en öll framleiðslan er í verksmiðjum fyrirtækisins á Selfossi og í býskalandi. Set ehf. er einnig með söluskrifstofu og vörulager í Reykjavík og Danmörku.

Stolt af upprunam

„Við erum afar stolt af bakgrunni okkar og sögu og að hafa lifað af í sveiflukennu hagkerfi þar sem iðnaður hefur þurft að mæta ýmsum áskorunum,“ segir Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri Set ehf. sem stýrt hefur félaginu í áratugi. Fyrirtækið er í eigu afkomenda Einars Elíssonar, stofnanda og upphafsmanns röraframleiðslunnar á sjöunda áratug síðustu aldar.

„Við höfum frá upphafi haft mikinn áhuga á nýsköpun á lagnasviðinu með áherslu á framþróun í tækni og skilvirku stjórnkerfi,“ segir Bergsteinn. „Afleiðingin hefur oftast en ekki orðið sú að okkur hefur tekist að standast samkeppni við innflutning, einkum með því að eiga gott samstarf við viðskiptavinum okkar og bjóða góðar vörur á samkeppnishæfu verði.“

Leiðandi í tækninni

Þungamiðjan í framleiðslu og sölu Set hefur lengi legið á fjarvarmasviðinu fyrir hitaveitur landsins en með þróun einangraðra röra og nýrri útfærslu þeirra telst félagið nú meðal tæknilega fullkomnustu framleiðenda í þeim vöruflokki. Fyrirtækið starfrækir verksmiðju í býskalandi þar sem einnig er framleitt einangrað efni fyrir fjarvarmalagnir en á því sviði er vaxandi eftirspurn vegna m.a. orkuskipta í kjölfar Úkraínustríðsins og viðleitni þjóða að leita grænni lausna en olíutengdra orkugjafa vegna hnattrænnar hlýnunar. Umsvif Set á þessu sviði hefur einnig styrkt félagið tæknilega í öðrum vöruflokkum sem leiðandi aðila á innlendum markaði.

Á undanförunum árum hefur mikil áhersla verið lögð á bættu nýtingu og endurnýtingu hráefna í allri vinnslu fyrirtækisins með áherslu á að lækka kolefnisspor og stuðla að heilbrigðu hringrásarhagkerfi hérlendis sem og erlendis.

Lífsgæði með lögnum

„Set starfar nær eingöngu á fyrirtækisvæði en með þátttöku í Iðnaðarsýningunni nú viljum við kynna fyrir almenningi hvað fyrirtækið stendur fyrir en einkunarorð okkar fyrir þann hóp hafa verið: Við færum þér lífsgæði með lögnum. Það vísar til þess að inn í hýbýli landsmanna streymir heitt vatn til kyndingar og annarra nota svo og kalt neysluvatn. Þá dreifist rafmagnid innanhúss með raflagnarörum frá okkur og frárennslisrörin skila afrennsli frá hýbýlum landsmanna í sökklum og stofnlögnum gatna. Við komum veruleg að því að flytja einstakar og verðmætar auðlindir okkar, heita vatnið, ferska neysluvatnið og raforkuna á sem hagkvæmasta hátt til þjóðarinnar,“ segir Bergsteinn og býður gesti velkomna í bás Set á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

set.is



■ Einangraðar 800 mm stálpípur í 1.000 mm plasthlífðarkápu við verksmiðju Set Pipes í býskalandi.



■ Frá athafnasvæði Set á Selfossi.



■ Einangruð vatnsrör með frostvörn fyrir Grænland.



■ Úr verksmiðju Set Pipes GmbH í býskalandi.



Grunn vöruflokkar Set eru veitutengt efni fyrir heitt og kalt vatn, fráveituefni og hlífðarrör fyrir raflagnaefni en einnig búnaður fyrir fiskeldi, snjóbræðslurör, vegastikur, merkiahælar, loftunarrör og ýmsar aðrar vörur.



■ Vöruhús Set í Klettagöðum í Reykjavík.

Making our world more productive



IÐNAÐARGASID FÆST HJÁ LINDE GAS

Linde Gas, áður ÍSAGA, hefur í yfir 100 ár stutt við ört vaxandi íslenskan iðnað og framleiðslu ásamt því að sjá nú heilbrigðiskerfinu fyrir hágæða súrefni á öruggan og umhverfisvænan hátt.

ÞÚ FINNUR NÁNARI UPPLÝSINGAR UM SÖLUSTAÐI OG UMBOÐ FYRIR IÐNAÐARGAS Á LINDE-GAS.IS

Reykjavík
ÍSAGA ehf.
Breiðhöfða 11
Sími: 577 3000

Garðabær
Metal ehf.
Suðurhrauni 12b
Sími: 545 4600

Akureyri
Sandblástur & málmhúðun hf.
Árstíg 6
Sími: 460 1500

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga
-byggingavörudeild, Eyjarvegi 21
Sími: 455 4610

Ísafjörður
Próstur Marsellíusson hf.
Hnífsdalsvegi 27
Sími: 456 3349

Reyðarfjörður
Launafl ehf, verslun
Austurvegi 20a
Sími: 414 9460 | 414 9462

Selfoss
Vélaverkstæði Þóris
Austurvegi 69
Sími: 482 3548

Vestmannaeyjar
Nethamar
Strandvegi 105
Sími: 481 3226



■ CLT timbureiningahúsin hafa notið vaxandi vinsælda. Hér er eitt slíkt frá Strúktúr með dönskum gæðagluggum sem fyrirtækið selur.

Strúktúr ehf.

Gæðahús úr austurrískum CLT timbureiningum



Fyrirtækið Strúktúr ehf. hefur frá stofnun fyrir 10 árum byggt upp innflutning og þjónustu í byggingariðnaði og selur m.a. krosslímdar CLT timbureiningar, límtrés- og stálgrindahús, hurðir, glugga og klæðningar. Ingólfur Á. Sigþórsson, framkvæmdastjóri Strúktúr, segir stefnu fyrirtækisins að bjóða vörur sem standist íslenskt veðurfar og uppfylli alla staðla og gæðakröfur sem kaupandinn gerir. „Við veljum okkur samstarfsaðila af kostgæfni, hvort heldur innlenda eða erlenda birgja,“ segir hann.

Einingar frá stærsta CLT framleiðanda heims

Fyrirtækið flytur inn krosslímdar CLT timbureiningar frá fyrirtækinu Binderholz í Austurríki sem er stærsti framleiðandi CLT og þriðji stærsti timburframleiðandi í heiminum með 29 verksmiðjur og um 5000 manns í vinnu.

Ingólfur segir það gríðarlega álitlegan kost í dag að byggja úr CLT timbureiningum. „Ástæðan fyrir aukningu í timburbyggingum er ekki síst sú að um er að ræða endurnýtanlegt efni. Timbur bindur kolefni og er því umhverfisvænt. Ekki er að finna



■ Ingólfur segir að undantekningalaust rómi kaupendur loftgæði og hljóðvist CLT húsanna.

kuldabryr í þessum byggingum sem bjóða heim raka og myglu, einingarnar hafa hátt U-gildi og því þarf minni einangrun utan á þær," segir hann og bætir við að í dag megi finna háhýsi um alla Evrópu sem byggð eru úr CLT-timbureiningum. Strúktúr annast hönnun CLT húsa fyrir viðskiptavinum, sé þess óskað.

„Við reistum 4.200 fermetra hús á fimm hæðum í Hafnarfirði sem er alfarið úr CLT og með lyftugöngum og stigum. Einnig höfum við byggt úr CLT fjölda einbýlis-, þar- og raðhúsa hér á landi auk sumar-bústaða.“

Fjöldmargir kostir og kostnaðar-hagkvæmar lausnir

Ástæðu fyrir vinsældum CLT eininganna segir Ingólfur einnig gríðarlegan styrk efnisins, fyrir utan vistfræðilega hlutann og hagkvæmnina.

„Eins og nú háttar til í heiminum er mun hagkvæmara að byggja úr límtré en öðrum efnum. Einingarnar koma tilniðnar á byggingarstað sem gerir að verkum að það er fljótlegt að reisa og loka húsinu. CLT timbureiningar stytta byggingartíma töluvert en samt er hvergi slegið af í gæðakröfum," segir Ingólfur.

„Hlutfallslega lítil þyngd massífs viðar er mikill kostur, til dæmis þegar byggð er auka hæð á eldri byggingar. CLT timbureiningar hafa vinninginn í slíkum tilfellum vegna þess að þær eru léttar og ekki er verið að auka álag verulega á þá byggingu sem fyrir er.“

Danskir gæðagluggar slá sölumet

Strúktúr ehf. selur vottaða glugga frá Kast-rup vinduet í Danmörku og segir Ingólfur að fyrirtækið hafi aldrei selt meira af gluggum hér á landi en í fyrra. Niðurstöður prófana staðfesti gæðin.

„Standard tré/ál gluggi er með slag-regnsvottun upp á 1200 Pa og INVI glugg-



■ Hér er CLT timbureiningahús frá Strúktúr á Svalbarðseyri og í þessu tilviki valdi kaupandinn að hafa einingarnar með innsta byrði í sýnilegri áferð.

inn, sem er líka tré/ál, er með 1800 Pa. PVC gluggar eru með 1200 Pa. Á Íslandi þurfum við að uppfylla 1100 Pa þannig að allir okkar gluggar er langt yfir viðmiðum. Einnig erum við með rennihurð í tré/ál sem er vottuð upp á 1500 Pa sem er frábær niðurstaða," segir Ingólfur.

Gott úrval utanhússklæðninga

Strúktúr ehf. er með mikið úrval utanhússklæðninga úr áli, stáli, timbri og fibersemi.

Einnig bjóðum við þriggja laga innanhúss timburklæðningu ef fólk vill hafa sýnilega timburáferð. Hún er 16 mm þykk og 1,25 x 6 m. Við erum líka með á lager alla öndunardúka sem eru notaðir undir utanhússklæðningar. Svo er líka orðið vinsælt að nota hljóddúkin okkar á innveggi til að auka hljóðeinangrun milli herbergja. Þessu til viðbótar bjóðum við svo margar gerðir af skrúfum og festingum fyrir timburhús.“

Starfsmenn Strúktúr búa yfir mikilli reynslu af húsbyggingum og mun fyrirtæk-



id kynna vörur sínar og þjónustu á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll en einnig er það með sýningarsal að Bæjarflöt 9 í Garðabæ.

struktur.is

Öflugar viftur

Iðnaðarviftur fyrir íslenskar aðstæður

Loftviftur - Þakviftur - Reykviftur - ATEX viftur og bara venjulegar viftur



Þú færð viftuna hjá okkur:

viftur.is

íshúsið

S:566 6000 - ishusid@ishusid.is - Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

KAPP er heimili iðnaðarmannsins



„Það er mikil tilhlökkun hjá okkur starfsfólki KAPP ehf. að taka þátt í Iðnaðarsýningunni. Undirbúningur hefur staðið í marga mánuði og við hlökkum mikið til að fá sýningargesti til okkar á Bás 4, beint á móti innganginum í Laugardalshöll. KAPP tekur þátt í mörgum sýningum á ári, bæði hér heima og eins erlendis. Sem dæmi höfum við á síðustu tveimur árum verið á þremur sýningum hér heima, landbúnaðar-, iðnaðar- og sjávarútvegssýningum og erlendis höfum við verið í Barcelona, Boston, brándheimi, Seattle, Ekvador, Þýskalandi og Færeyjum,“ segir Jónas Gunnarsson, markaðs- og sjálfbærnistjóri KAPP ehf.

Fjölþætt fyrirtæki eykur þjónustumöguleika

KAPP á sér langa sögu og byrjaði sem véla- og renniverkstæði fyrir tæpum 100 árum. Þær deildir eru enn hjá KAPP en þar að auki er öflug alhliða kælideild, rafmagnsdeild, tækni deild þar sem hlutir og tæki eru hannaðir og teiknaðir upp í 3D smíðaforritum, hátækni deild þar sem er verið að forrita allskonar iðnstýringar og hátæknilausnir fyrir t.d. fiskeldi.

Fjölbreytt eigin framleiðsla

OptimICE krapavélin sem valdið hefur byltingu í kælingu á sjávarafurðum er hönnuð og smíðuð í KAPP og er seld út um allan heim en þess má geta að söluaðilar erlendis eru í sex löndum.

RAF sprautuvélar eru einnig smíðaðar í KAPP ásamt alls konar óson- og súrefniskerfum.

Sérsmíði úr ryðfríu stáli er öflug en þar er m.a. um að ræða færubönd, karahvolfara og fjölbreytt borð og grindur.

Innflutningur

Innflutningur er stór hluti af starfsemi KAPP en þar má nefna kæli- og frystiklefa frá Incold, gáma frá Titan containers, hurðir frá Incold, Dynaco og Angelmir, kara- og kassaþvottavélar frá Nowicki, fiskvinnsluvélar frá Pisces, flutningavagna og kassa frá Schmitz Cargobull og Carrier kælivélar fyrir flutningabifreiðar.

Auk alls þessa flytur fyrirtækið inn allt sem þarf til kælingar, svo sem spiralfrysta, condensa, kæliblásara o.þ.h. ásamt öllu til að setja upp og þjónusta CO₂ kæli- og frystikerfi, ammóníakskerfi, RSW kerfi eða rafmagnskerfi.

Þjónusta alla leið

„Það sem einkennir starfsemi KAPP er þjónusta, þjónusta alla leið,“ segir Jónas. „Við komum inn í verkefni viðskiptavina á öllum stigum og bjóðum með bros á vör ráðgjöf, smíði, uppsetningu, viðhald og viðgerðir og erum ávallt til taks ef viðskiptavinir okkar lenda í óhöppum eða vandræðum. Við erum með yfir tuttugu þjónustubifreiðar fullbúnar tækjum og tólum til að bregðast skjótt við til að rekstur viðskiptavina liggi ekki niðri.“

Heimili iðnaðarmannsins

Öll þessi þjónusta og þekking segir Jónas að ekki sé möguleg nema hafa yfir að ráða



■ KAPP er í nýju sérhönnuðu húsnæði að Turnahvarfi 8 í Kópavogi. Einnig er KAPP með útibú í Þorlákshöfn, Grundarfirði og á Kælifélagið í Vestmannaeyjum.



■ Jónas Gunnarsson, markaðsstjóri, fyrir framan OptimICE krapavélinu sem hefur umbylt kælingu á ferskum sjávarafurðum.



■ Birkir, Anton og Hlynur, starfsmenn kælideildar KAPP að störfum í skipaþjónustu.

öflugu og jákvæðu starfsfólki með fjölbætta menntun og mikla reynslu.

„Hjá okkur í KAPP starfar fjöldi iðnaðarmanna sem eru menntaðir í fjórtán mis-

munandi iðngreinum, auk starfsmanna með tækni- og háskólamenntun. Það er í DNA okkar fyrirtækis að veita góða þjónustu alla leið enda er slagorðið okkar: „bú

finnur traust í okkar lausn“. Það þýðir einfaldlega að við gerum allt til að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar bæði í gæðum og á réttum tíma með bros á vör.“

Umhverfisvænar lausnir í kælingu

Jónas segir KAPP hafa á undanförunum árum sérhæft sig í að þjónusta fyrirtæki með umhverfisvænar lausnir í kælingu, hvort sem það er hjá matvælafyrirtækjum, verslunarfyrirtækjum, sjávarútvegi eða í flutningageiranum. „Það gerum við með því að skipta út freoni og setja CO₂, ammóníaks- eða rafmagnskælimiðla í staðinn. Já, lausnir er til.“

Líkt og í öðru þá fer KAPP alla leið og er nú byrjað að rækta kolefnisskóg á eigin landi í Fljótshlíð. „Eins og sést á þessu,“ segir Jónas, „þá er KAPP svo sannarlega heimili iðnaðarmannsins og við bjóðum alla velkomna á básinn okkar á Iðnaðarsýningunni til að kynna sér nánar allt það fjölmarga sem við höfum að bjóða.“


kapp.is



Góðar stundir




Perluskel
Þvermál: 2.3m
Rúmar: 8 manns




Sauna

Fullbúnir og fallegir saunaklefar




Pottar

Heitir og kaldir



Sindraskel

Tilvalin í ferðarþjónustuna



Lok

og aukahlutir fyrir pottaferðina

trefjar.is

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði

Hafðu samband
550 0100
sala@trefjar.is





■ Sala á varaflostöðvum frá Cummins Power Generation hefur verið vaxandi hjá Aflhlutum ehf. Hér er Björn J. Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins við hluta 24 rafstöðva sem seldar voru Búnaðarfélagi Eyjafjarðar.

Öflug saman í þjónustu á véltækni sviðinu



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023**

Í kjölfar eigendaskipta Aflhluta ehf. hafa þrjú öflug fyrirtæki á véltækni sviðinu, Aflhlutir, PON og VHE snúið bökum saman á markaðnum með það markmið að veita framúrskarandi þjónustu og heildarlausnir til fyrirtækja. Fyrirtækin þrjú bjóða fjölbreyttar lausnir tækja og vélbúnaðar fyrir allan iðnað og verður áhersla lögð á þjónustu við fiskeldi á sjó og landi. Samanlagður starfsmannafjöldi fyrirtækjanna þriggja er um 250 manns og munu þau kynna vörur og þjónustu fyrirtækjanna á iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

Aflhlutir öflugir í sjávarútvegi

Björn J. Björnsson, framkvæmdastjóri Aflhluta segir eignarhaldsbreytingarnar til þess fallnar að efla fyrirtækið og þjónustu þess enn frekar. Meginhluti viðskipta Aflhluta tengist sjávarútvegi, allt frá vélbúnaði minni báta, vélum, girum og tengdum búnaði, ásamt viðgerðar- og vélbúnaðarþjónustu við uppsjávarflotann. Vöxtur hefur verið í sölu varaafstöðva frá Cummins Power Generation fyrir fiskeldi. Af öðrum vélbúnaði sem Aflhlutir selja og þjónusta má nefna vélar frá Deutz og John Deere, fiskidælur frá SeaQuest og Twindisc girá.

Fyrirtækin þrjú starfa áfram

með óbreyttu sniði og undir eigin merkjum og munu leggja saman krafta sína eftir því sem við á í þjónustu á markaðnum.

„Við leggjum hér eftir sem og hingað til áherslu á góða og snögga þjónustu við viðskiptavinum, byggðri á fagþekkingu í vélbúnaði og frábærum viðskiptatengslum við birgja okkar víða um heim,“ segir Björn.

Hraður vöxtur VHE

VHE ehf. er fjölskyldufyrirtæki sem byggt er á grunni Vélaverkstæðis Hjalta Einarssonar og hefur fyrirtækið vaxið mikið undanfarin ár þar sem miklar fjárfestingar í vél- og framleiðslubúnaði hafa átt sér stað til að styðja við og efla þjónustustigið á véltæknimarkaði á Íslandi. Í vexti fyrirtækisins hefur verið lögð áhersla á þjónustuuppbyggingu sem helsta styrkleika þess og að góðu sambandi sé haldið við viðskiptavinum.

„Við lítum á okkur sem þjónustudrifið fyrirtæki í heildarlausnum og Aflhlutir og PON koma sterkt inn í þá hugsun. VHE er á skemmtilegum stað hvað varðar vöxt og þróun þar sem mikil nútímavæðing er í rekstri fyrirtækisins, það eru breyttar áherslur sem efla þjónustustigið án þess að það bitni á framleiðslu. Við búum yfir fjölbreyttri reynslu og hæfni og erum með fært teymi starfsmanna ásamt ungum og gríðaröflugum millistjórnendum og sérfræðingum í bland við þá reynslumeiri og eldri,“ segir í frétt frá VHE ehf.

VHE gerir þjálfunar- og fræðsluáætlun sem ætlað er að styrkja starfsfólk fyrirtækisins og efla það í markmiðum sínum. Fyrirtækið hvetur starfsfólk sitt og styrkir til hverskyns heilsueflingar og endurmenntunar og með því heldur það fast í gömlu gildi fjölskyldufyrirtækisins og sveigjanleika þó fyrirtækið hafi stækkað umtalsvert undanfarin ár.“

Áratuga reynsla PON í sölu tækjabúnaðar

Þriðja fyrirtækið, PON ehf. sem margir þekkja undir nafninu Pétur O Nikulásson, hefur að baki ára-

tuga reynslu í sölu tækjabúnaðar til fyrirtækja í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og vöruhúsa.

Fyrirtækið er meðal annars með umboð fyrir Magni skotbómulyftara og hafa tekið við umboði Hyster á Íslandi. PON útvegar varahluti í flestar gerðir vinnuvéla.

Hyster eru leiðandi framleiðandi og býður upp á eitt mesta úrval landsins í vörumeðhöndlunartækjum sem eru sérstaklega hönnuð með hverskyns iðnað og framleiðslu í huga.

Fyrirtækið býður allt frá stærstu gámalyfturum til

minnstu pallettutjakka og er með öll þau tæki sem hver viðskiptavinur telur sig þurfa, hvort sem það eru diesellyftarar, rafmagnslyftarar, tínslutæki eða tjakkar.

PON hefur líka þjónustað og selt Tennant hreinlætistæki sem umboðsaðili í langan tíma, en þau uppfylla ströngustu kröfur í matvælaíðnaði.

vhe.is
aflhlutir.is
pon.is

Orkusækinn iðnaður í hálfari öld

Orkusækinn iðnaður á sér yfir hálfari öld sögu á Íslandi en á sjöunda áratug síðustu aldar sóttu stjórnvöld þess tíma tækifærin. Fallvötnin voru nýtt til frekari verðmætasköpunar með stofnun Landsvirkjunar og hvatt til erlendra fjárfestingar sem leiddi til uppbyggingar álversins í Straumsvík.

Með tímanum hefur orkusækinn iðnaður orðið fjölbreyttari en til viðbótar við framleiðslu áls og kísils hefur starfsemi gagnavera vaxið. Gert er ráð fyrir frekari vexti orkusækis iðnaðar og leggur Landsvirkjun, stærsti orkuframleiðandi landsins, áherslu á fjögur svið vaxtar sem eru áframhaldandi vöxtur gagnavera, framleiðsla raf-

eldsneytis, framleiðsla rafhlöðna og orkusækinn matvælaframleiðsla. Þessi tækifæri sem og önnur á þessu sviði, meðal annars á grundvelli þess orkusækna iðnaðar sem þegar er á Íslandi, á að sækja og byggja á þeirri þekkingu sem hér hefur byggst upp á mörgum áratugum. Á þeim grunni eru einnig tækifæri í útflutningi á orkuþekkingu og grænum lausnum, en Grænvangur hefur umsjón með þeirri sókn.

si.is



Umhverfisvottuð íslensk málning

Við erum á **IÐNAÐARSÝNINGUNNI 2023**.
Verið velkomin til okkar á bás **B-31**.



SLIPPFÉLAGIÐ

Fellsmúla 26 og Skútuvogi 2,

Reykjavík, S: 588 8000

Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000

Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720

Austurvegi 58, Selfossi, S: 482 1250

Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:

8-18 virka daga

10-14 laugardaga

slippfelagid.is



SLIPPFÉLAGIÐ



■ Handrið, svalaskjól og svalalokanir eru meðal fjölmargra vöruflokka sem IDEX hefur að bjóða til byggingariðnaðarinnar.

Timbureiningahús og þrautreyndar byggingalausnir frá IDEX



Fyrirtækið IDEX í Kópavogi hefur þjónustað íslenskan byggingamarkað í yfir 30 ár og býður meðal annars einingahús úr krosslímdu timri, glugga og glerlausnir, svalalokanir og áklæðningar. Allt eru þetta endurvinnanleg byggingarefni og mun fyrirtækið kynna vörur sínar og þjónustu á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

Krosslímdu timbureiningar frá Austurríki


Krosslímdu timbureiningahúsin frá IDEX eru framleidd í Austurríki af fyrirtækinu Stora Enso og segir Ragnar Jóhannsson, framkvæmdstjóri IDEX, að um sé að ræða lausnir sem séu hentugar í stórar sem smáar byggingar.

„Krosslímdu timbureiningar, sem öðru nafni eru nefndar CLT, hafa marga kosti. Einingarnar eru endingargóðar og sterkar, þær má nota í gólf, veggir og þök og við getum einnig boðið húsin sem heildarlausn með gluggum og klæðningu. Sjálfur byggingartíminn er stuttur og það sparar húsgjöldum mikinn tíma, fé og fyrirhöfn,“ segir Ragnar. Hvort heldur er um að ræða einbýlishús, sumarhús, skólahúsnæði eða atvinnuhúsnæði þá hafa kostir CLT eininganna sýnt sig á síðustu árum.

Fjölmargir kostir við CLT byggingarnar

Ragnar bendir líka á mikilvægi þess að velja timbur því það sé eitt umhverfisvænasta byggingarefni sem völ sé á. Minni orku þurfi til bygginga úr víði en öðrum byggingarefnum, auk þess sem timburhús séu endurnýtanleg til orkuframleiðslu þegar þau hafi lokið sínu hlutverki í framtíðinni. Þessa þætti og marga fleiri sameini CLT húsin.

„CLT er gegnheill samlímdu viður sem er unninn að lágmarki úr þremur lögum af



■ Krosslímdu timbureiningar hafa marga kosti. Þær flytur IDEX inn frá Austurríki.

borðvíði sem lögð eru hornrétt hvert á annað og límd saman með umhverfisvænu lími. Löggin geta verið allt að átta talsins og heildarþykkt allt að 320 mm. Framleiðsla CLT er prófuð og samþykkt af utanaðkomandi aðilum til að tryggja hámarks gæði og öruggar byggingar. Það eru fjölmargir kostir við að velja CLT frá Stora Enso þegar kemur að byggingu húsa. „Allt það timbur sem Stora Enso notar til sinnar framleiðslu kemur úr sjálfbærum skógum, þ.e. fyrir hvert tré sem er fellt þá er sáð þremur í staðinn.“

Ídeal Combi og Schuco gluggar

IDEX býður einnig dönsku Ídeal Combi timb-

ur-/álguggana úr samlímdu skandinavískri furu. Þá framleiðir fyrirtækið einnig Schuco álgugga í verksmiðju sinni í Reykjanesbæ og sem dæmi eru slíkir gluggar í Háskólanum í Reykjavík, fangelsinu á Hólmsheiði, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Flugstjórnarmíðstöðinni á Reykjavíkflugvelli.

IDEX flytur einnig inn gler í glugga, handrið, innveggi, hurðir, þök og fleira. Einnig selur fyrirtækið svalaskjól og svalahandrið frá þýska framleiðandanum Sunflex.

Áklæðningar með 20 ára ábyrgð

IDEX er umboðsaðili hér á landi fyrir Larson klæðningar frá spænska framleiðandanum Alucoil sem er með yfir 35 ára reynslu í

framleiðslu úr áli. Klæðningin er með brunavörðum steinefnakjarna og álplötu beggja vegna hans og býðst hún í stöðluðum litum. Í boði er yfirborð úr áli, ryðfríu stáli, kopar, zinki, messing og fleiru.

Áklæðningarnar eru með 20 ára ábyrgð og hafa einstakt veður- og efnaþol. Þær eru léttar og sléttar, eldþolnar og eru fáanlegar í nokkrum tegundum burðarkerfa, allt eftir því hvað hentar hverju verkefni fyrir sig.

.....
IDEX IS
.....



Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir
mannauðsstjóri Airport Associates

Ert þú stjórnandi, millistjórnandi, deildarstjóri, verkefnastjóri eða sjálfstætt starfandi?

Áttu heima í stéttarfélagum innan STF?

Þar sem félagsmönnum stendur til boða

- » Launavernd í allt að 9 mánuði
- » Styrkir vegna veikinda maka eða barna
- » Styrkir vegna fjölgunar í fjölskyldunni
- » Heilsustyrki og ýmsa aðra styrki
- » Ævilöng réttindi
- » Dánarbætur
- » Aðgang að 28 orlofshúsum og íbúðum
- » Lögfræðiaðstoð og persónulegri þjónusta

Kynntu þér hvað er í boði á stf.is eða kíktu við í Hlíðarsmára 8



■ Fjórir starfsmenn eru á skrifstofu Sambands stjórnendafélaga í Kópavogi, frá vinstri: Erna Hilmarsdóttir skrifstofustjóri, Jóhanna Margrét Guðjónsdóttir innheimtufulltrúi, Guðrún Erlingsdóttir, mennta- og kynningarfulltrúi og Jóhann Baldursson framkvæmdastjóri.

Eitt öflugasta stéttarfélagið

**ÁLKLÆÐNINGAR
EFTIR ÞÍNUM
ÞÖRFUM**

Fullvinnsla og sérsmíði á klæðningum og áfellum

Hafðu samband:
sala@limtre.is | 412 5300

limtrevirnet.is



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023**

„Samband stjórnendafélaga byggir á 85 ára grunni og innan vébanda þess eru nú rekin 10 aðildarfélag um land allt með rúmlega 3.600 félagsmönnum. Sambandið rekur einn öflugasta sjúkrasjóð landsins sem veitir full réttindi eftir starfslok, félagsmenn geta valið um tugi sumarhúsa og orlofsibúða og þeir hafa rétt til að stunda 100% fjarnám með vinnu sem að mestu er kostað af öflugum menntasjóðum. Allt þetta og ýmislegt fleira munum við kynna í básnum okkar á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll,“ segir Jóhann Baldursson, framkvæmdastjóri Sambands stjórnendafélaga, STF.

Þjónustumiðstöð stjórnenda

Aðildarfélag Sambands stjórnendafélaga eru misstór og starfa sjálfstætt. Nokkur þeirra stæru reka skrifstofur á sínu starfssvæði en önnur ekki. Þróunin síðustu ár hefur verið sú að skrifstofa STF í Hlíðasmára 8 í Kópavogi hefur tekið yfir æ fleiri verkefni.

„Við erum fjögur hér á skrifstofu sambandsins og erum í sambýli með Brú, félagi stjórnenda, sem er langstærsta félagið innan okkar vébanda. Við erum stöðugt í sambandi við okkar fólk um land allt, hingað rekast inn gestir og gangandi, margvísleg aðstoð er veitt í gegnum síma og tölvupóst og forystumenn félaga hafa hér með sér náinn samráðsvettvang. Það má því segja að skrifstofan hér í Kópavogi sé orðin sannkölluð þjón-

ustumiðstöð fyrir félagsmenn út um landið.“


Frábært fjarnám stjórnenda

„Stjórnendanámið okkar gengur mjög vel og er alltaf stígandi í því en um er að ræða fjarnám og hægt að stunda það með 100% vinnu. Símenntun Háskólans á Akureyri annast námið en það er samstarfsverkefni starfsmenntasjóðsins okkar og Samtaka atvinnulífsins. Þetta nám er frábært tækifæri fyrir millistjórnendur og allir eru sammála um að þar öðlast fólk ómetanlega þekkingu í mannauðsstjórnun og leikni til að stjórna starfsfólki með góðum árangri. Félagsmenn geta fengið styrk úr starfsmenntasjóði STF og SA sem stendur undir 80% kostnaðar og oft leggja fyrirtækin til það sem upp á vantar,“ segir Jóhann í samtali.

Einn af öflugustu sjúkrasjóðum landsins

Sjúkrasjóður verkstjóra var stofnaður 1974 og hefur hann mjög mikilvægu hlutverki að gegna fyrir félagsmenn í aðildarfélagum Sambands stjórnendafélaga. „Ég get fullyrt að sjúkrasjóðurinn okkar er einn af þeim albestu á landinu. Hann veitir mjög góð réttindi til launa og annarrar aðstoðar í slysa- og veikindatilfellum auk þess sem hann léttir undir með fjölskyldum félagsmanna þegar andlát ber að höndum. Ég vil sérstaklega nefna að sjóðurinn veitir félagsfólki áframhaldandi réttindi eftir að það lýkur störfum en það eru ekki mörg stéttarfélag sem státa af því. Þá á sjóðurinn og rekur sjúkraíbúð í Kópavogi fyrir þá félagsmenn utan af landi sem þurfa að leita sér lækninga á höfuðborgarsvæðinu.“

stf.is



Öflugur iðnaður

– forsenda góðra lífskjara

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara.

Stöðugt starfsumhverfi, öflugir innviðir, fjölbreytt menntun, verðmæt nýsköpun og ábyrg stefna í orku- og umhverfismálum eykur framleiðni sem leiðir til hagsældar.



■ Það er jafnan í mörg horn að líta hjá Daníel Árnasyni, framkvæmdastjóra Eignaumsjónar. Hér er hann með starfsmönnum Römpum upp Ísland þegar aðgengi hreyfihamlaðra að fundarsölum fyrirtækisins á Suðulandsbraut 30 var betrubætt fyrir í sumar.

Mynd: áþj

Hagnýtt verkfæri fyrir húsfélög og rekstrarfélög atvinnuhúsa

Eignaumsjón er leiðandi fyrirtæki í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög atvinnuhúsa og hafa umsvif félagsins vaxið jafnt og þétt á þeim 23 árum sem það hefur verið starfandi. Áhersla er lögð á

faglega nálgun, öryggi, gæðamál og skýra verkferla en fyrirtækið er í dag með samningsbundna þjónustu við um 800 félög af öllum stærðum og gerðum með um 18 þúsund íbúðum/fasteignum.

„Við viljum vera hagnýtt verkfæri fyrir fasteignaeigendur og leiðandi í allri umsjón og þjónustu við rekstur fasteigna, hvort sem um íbúðar- eða atvinnuhúsnæði er að ræða. Við erum brautryðj-

endur í þessari þjónustu hérlendis, sem var ekki fyrir hendi þegar Eignaumsjón tók til starfa árið 2000 og erum leiðandi á þessum markaði,“ segir Daníel Árnason framkvæmdastjóri.

Þjónustuleiðir í takt við þarfir hvers félags

Þrjár mismunandi þjónustuleiðir eru í boði fyrir húsfélög, allt eftir því hversu mikla þjónustu þau vilja nýta sér. Í leið 1 er vel haldið utan



STRÚKTÚR

LÆST UTANHÚSKLÆÐNING • Stílhreint á þak og veggi

um öll fjármál húsfélagsins, bókhald og gerð ársreikninga. Í leið 2 bætist allt utanumhald um aðalfundi við fjármálaþjónustuna og í þjónustuleið 3 bætist við útvegum þjónustu og tilboða í gegnum þjónustuver Eignaumsjónar, s.s. vegna þrifa, lóðahirðu, trygginga o.fl.

„Þessi þjónusta er líka í boði fyrir rekstrarfélög atvinnuhúsa. Í atvinnuhúsum tókum við einnig að okkur að vera framkvæmdastjóri og sérsníðum þá lausnir fyrir hvert verkefni til að tryggja að allir sem hafa hagsmuna að gæta sitji við sama bordi,“ bætir Daníel við.

Vaxandi þörf fyrir sérþjónustu af ýmsu tagi

Til að koma til móts við óskir viðskiptavina um auknið eftirlit með sameign húsfélaga byrjaði fyrirtækið fyrir sex árum að bjóða upp á Húsumsjón, sem er sérþjónusta fyrir bæði stærri húsfélög og atvinnuhúsnæði. Þjónustan kemur í stað hefðbundinnar húsvörslu og er hagkvæm og skynsamleg lausn. Fagmaður fer þá reglulega yfir ástand sameignar hússins, gerir nauðsynlegar úrbætur og fylgist með orkunotkun sem og öðrum kerfum og búnaði eignarinnar, sem þurfa að vera í góðu lagi.

„Aðstoð vegna hleðslu rafbíla með hagsmuni húsfélaga að leiðarljósi er önnur sérþjónusta sem nýtur líka vaxandi vinsælda hjá okkur, í takt við hraða fjölgun rafmagnsbíla. Við lítum á rafhleðslukerfi sem eitt af grunnkerfum húsfélaga og þau auka bæði virði fasteigna og sölulíkur. Rafbílahleðsluþjónusta okkar fyrir húsfélög uppfyllir lagalegar skyldur húsfélaga vegna hleðslubúnaðar rafbíla og nær til bæði ástandsgreiningar, öflunar tilboða, ákvörðunartöku, reksturs og sjálfvirkrar innheimtu með rétttri skiptingu kostnaðar milli húsfélags og notenda.

Daníel nefnir einnig íbúðaumsjón, splunkunýja þjónustuleið fyrir fasteignaeigendur á höfuðborgarsvæðinu sem búsettir eru erlendis eða annars staðar á landinu. Þjónustan er sérsníðin að þörfum íbúðareiganda og nær til bæði reglubundins eftirlits og reksturs eignarinnar.

Örugg gagnavarsla og öflug miðlun upplýsinga

Framkvæmdastjórinn segir það

áskorun að uppfylla þarfir viðskiptavina Eignaumsjónar um faglega og skilvirka afgreiðslu. Því hefur í takt við aukin umsvif verið byggt upp sérhannað, öflugt tölvukerfi fyrir starfseminna með áherslu á skilvirkni, hagkvæmni og örugga geymslu gagna.

„Tölvukerfið hjálpar okkur líka að halda vel utan um öll þau fjölbreyttu verkefni sem við erum að glíma við dagsdaglega fyrir viðskiptavinum okkar. Við leggjum mikla áherslu á að miðla upplýsingum til eigenda og stjórnna, bæði með beinum samskiptum í gegnum þjónustuverið og starfsfólkið, sem og á samfélagsmið-

um, heimasíðunni okkar og í Húsbókinni; mínum síðum eigenda, sem hefur mælst vel fyrir hjá okkar viðskiptavinum,“ segir Daníel. Hann bætir við að það sé fyrirtækinu líka metnaðarmál að bjóða viðskiptavinum upp á góða fundaraðstöðu á skrifstofunni á Suðurlandsbraut 30 sem nýtist vel þegar aðalfundur húsfélaga eru haldnir, frá áramótum til aprílloka.

„Hjá okkur starfar traust og öflugt fólk og gaman að segja frá því að sl. tvö ár höfum við verið í hópi 15 meðalstórra fyrirmyndarfyrirtækja VR. Fjárhagsleg staða fyrirtækisins er góð, eigið fé já-

kvætt og um 25% vöxtur hefur verið í starfseminni undanfarin ár. Þá vil ég líka nefna að við höfum staðist úttektir endurskoðenda á innri ferlum fjármála og öryggi kerfa, jafnframt því sem fyrirtækið er með starfsábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi og því tilbúið að mæta bótaskyldu sem á það gæti fallið.“

Til þjónustu reiðubúin

Framkvæmdastjóri Eignaumsjónar er þess fullviss að þjónusta við fasteignaeigendur haldi áfram að vaxa og dafna og segir fyrirtækið tilbúið að mæta þeim áskorunum,

eins og það hafi gert í rúmlega tvo áratugi.

„Fjöleignarhúsum fjölgar, þau verða sífellt stærri og flóknari og mikilvægt er fyrir bæði byggingaraðila og nýja eigendur að ná utan um þessi stóru samfélög strax í byrjun með skipulögðum og formfóstum hætti. Þar getum við lagt lið og erum til þjónustu reiðubúin,“ segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri að lokum.

eignaumsjon.is



SLÖNGUR OG TENGIBÚNAÐUR Í FISKELDI

Hydroscand er með mikið úrval af slöngum og tengi fyrir fiskeldi. Við rekum meira en 240 verslanir og slönguviðgerðarverkstæði um allan heim og erum til staðar í 20 löndum.



Hydroscand Ísland | Vagnhöfða 27 | 110 Reykjavík | 516 3300 | hydroscand.is

Fjórðungur starfanna í iðnaði

Iðnaður er afar umfangsmikill á íslenskum vinnu- markaði en segja má að einn af hverjum fjórum launþegum starfi í iðnaði. Í lok síðasta árs störfuðu 13.800 manns í framleiðsluiðnaði, rúmlega 16.000 í byggingariðnaði og í hugverkiðnaði tæplega 18.000 manns. Þessar tölur undirstrika umfang iðnaðarins á íslenskum vinnu- markaði og mikilvægi greinarinnar í gangverki hagkerfisins.

si.is



■ Hér sést dæmi um tvær útfærslur á skálum við einbýlishús. Sannarlega stækkun og mikil breyting á húsinu.

Sóluskálar sem stækka húsin og lengja sumarið

Fyrirtækið Gluggar & Garðhús ehf. í Hafnarfirði hefur hátt í 40 ára reynslu í framleiðslu, sölu og uppsetningu á sóluskálum, gluggum og hurðum úr PVC prófilum sem hafa reynt frábærlega við íslenskar aðstæður. Reynir Gunnarsson, sölustjóri, segir smíði og uppsetningu sóluskála stærsta verkefni fyrirtækisins, enda sé eftirspurn mjög mikil.

Frábær leið til að stækka húsin

„Vinsældir sóluskála skýrast af því að þetta er frábær og þægileg leið til að stækka hús, hvort heldur eru einbýlishús eða sumar-bústaðir. Að stærstum hluta erum við að setja upp sóluskála við eldri hús og sóluskálar við sumarhús færast stöðugt í vöxt hjá okkur en við höfum líka tekið þátt í verkefnum þar sem sóluskálar hafa verið hluti af nýjum húsum. Einstaklingar eru okkar stærsti viðskiptavinahópur en við vinnum líka talsvert með verkstólum, bæði í sóluskálunum, gluggum, hurðum, svalalokunum og öðrum vörum sem við seljum,“ segir Reynir.

Sérútfærðir skálar fyrir hvern og einn viðskiptavin

Eins og nafnið bendir til eru sóluskálar gjarnan hugsaðir sem bygging þar sem sólarinnar er notið innandyrna og þannig má segja að þeir séu lenging á stuttu íslensku sumri. Reynir segir skálana oftast upphitaða með ofnakerfi eða gólfhita en skálarnir eru fullleinangraðir með góðu tvöföldu einangrunargleri sem fánlegt er í mörgum litum. Skálana sjálfa má líka fá í öllum mögulegum litum og þannig er auðveldlega hægt að láta þá falla smekklega að þeim húsum sem þeir eru byggðir við.

„Sóluskálar eru oft nokkurs konar dagstofa, gjarnan með hurðum út í garð en svo er fólk líka að nýta þá sem inngang í húsin og þar fram eftir götum. Stærðirnar geta verið frá fáeinum fermetrum upp í nokkra tugi. Við sjáum alls konar stærðir og útfærslur í okkar verkefnum,“ segir Reynir en Gluggar & Garðhús bjóða viðskiptavinum alla ráðgjöf um útfærslur og framleiða síðan skálana og setja upp þegar viðskiptavinir hafa lokið öllum nauðsynlegum hönnunarþáttum og leyfisferlum, þar sem slíkt á við.

PVC stenst íslenska veðráttu

Gluggar & Garðhús selja einnig svalalokanir, svalahandrið, hurðir og glugga en vörur fyrirtækisins eru bæði smíðaðar hér heima og innfluttar. Í bígerð er einnig að bjóða sóluskála úr áli fyrir þá viðskiptavini sem það kjósa frekar.

„Þetta fer fyrst og fremst eftir hverju



■ Svalir í fjölbýlishúsum nýtast mun betur árið um kring með svalalokunarkerfi.



■ Gluggar & Garðhús hafa í vaxandi mæli sett upp sóluskála við sumar-bústaði, líkt og hér er dæmi um.

verkefni fyrir sig og hvaða lausnir viðskiptavinir okkar sækjast eftir. PVC efnið hefur staðist íslenska veðráttu mjög vel og það skýrir síaukna vinsældir á okkar vörum, hvort heldur er í sóluskálunum, gluggum, hurðum eða öðru. Við höfum dæmi um hátt í 40 ára gamla sóluskála frá okkur sem enn eru í mjög góðu ástandi þannig að við erum ekki í nokkrum vafa um að þetta eru endingargóðar byggingar. En fyrst og fremst finnum við hjá viðskiptavinum að þeir sjá í sóluskálunum tækifæri til að gjörbreyta húsum sínum á þægilegan máta og lengja um leið íslenska sumarið,“ segir Reynir en þess má geta að fyrirtækið býður uppsetningarþjónustu á sóluskálum um allt land.

solaskalar.is

Íslenskur iðnaður 2022

Stór hluti landsframleiðslunnar

Þegar litið er til þeirra verðmæta sem verða til í iðnaðinum á hverju ári kemur í ljós að íslenskur iðnaður er ein af meginstöðum íslensks efnahagslífs. Greinin stóð undir tæplega 26% landsframleiðslunnar með beinum hætti á árinu 2022 og ef bætt er við óbeinu framlagi greinarinnar til verðmætasköpunar hagkerfisins er umfang hennar talsvert

meira. Hlutur iðnaðarins í verðmætasköpun hagkerfisins hefur verið að aukast síðustu ár.

Velta í iðnaði nam 1.963 mð.kr. á árinu 2022. Um er að ræða tæplega þriðjung af allri virðisaukaskattskyldri veltu fyrirtækja í landinu og undirstrikar það hlutfall mikið umfang iðnaðar í hagkerfinu. Útflutningstekjur iðnaðarins námu

761 milljarði kr. á árinu 2022. Tekjurnar eru af fjölbreyttri starfsemi iðnaðar á sviði framleiðslu-, hugverka- og byggingariðnaðar.

si.is



STÓRAR OG SMÁAR

DÆLUR OG LOFTPRESSUR

FYRIR FLEST VERKEFNI

KÍKTU Í VEFVERSLUNINA OKKAR DYNJANDI.IS



DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Samtök iðnaðarins með nýja greiningu

Þjóðin vill eiga sitt húsnæði

Í rammasamkomulagi stjórnvalda um uppbyggingu 35 þúsund íbúða fram til ársins 2032 er gert ráð fyrir að fram til þess tíma muni leiguíbúðum með aðkomu hins opinbera fjölga um 85%, að þær fari úr 9.500 talsins í 17.600. Samtök iðnaðarins telja að með þessu sé stefnt í öfuga átt og að of lítil áhersla sé lögð á byggingu séreignarhúsnæðis. Eðlilegra sé að stjórnvöld hjálpi landsmönnum að eignast sitt eigið húsnæði frekar en að festa fólk á leigumarkaði.


Stefnt í öfuga átt

Í nýrri greiningu SI sem ber yfirskriftina „Íbúðauppbygging stefnir í öfuga átt“ segir jafnframt: „Meginþorri landsmanna kys að búa í eigin húsnæði. Áherslur stjórnvalda hafa hins vegar verið á uppbyggingu íbúða með aðkomu hins opinbera og svo verður áfram miðað við stefnuáherslur.“

Í greiningu SI segir einnig að á séreignarmarkaði sé skortur á íbúðum og mikil uppbyggingarþörf. Fólk vilji færa sig úr leiguhúsnæði yfir í séreignarhúsnæði og ættu uppbyggingaráform og áherslur stjórnvalda að taka mið af því. „Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að stjórnvöld, ríki og stærstu sveitarfélög landsins, breyti þessu og stígi inn með aðgerðum til að tryggja að fjöldi og samsetning fullbúinna íbúða sem koma inn á íbúðamarkaðinn á næstu árum verði í takti við þarfir og óskir landsmanna.“

Flestir vilja eiga húsnæðið

Í könnun sem Prósent hefur á undanfórnum árum gert á meðal leigjenda kemur fram að ekki nema um 10% þeirra sem eru á leigumarkaði velja að vera þar. Ríflega 72% segjast vera leigjendur af nauðsyn. Hlutfallið hefur farið hækkandi síðustu ár en árið



■ Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofu Íslands er staða leigjenda mun verri en þeirra sem búa í eigin húsnæði.

Mynd: SI

2019 var það 57%. Samtök iðnaðarins benda á að ef þeir leigjendur, sem myndu frekar vilja eiga en leigja, fengju ósk sína uppfyllta myndi hlutfall leigumarkaðarins fara niður í 5,8%.

Bent er á að sveitarfélögin beri ríkulega ábyrgð á að skapa forsendur til þess að framboð íbúða sé nægjanlegt og að þær séu á viðráðanlegu verði. Reykjavík hafi t.a.m. lagt áherslu á þéttingarverkefni og íbúðir innan almenna íbúðakerfisins. Hvoru tveggja mæti ekki þörfum og óskum landsmanna.

Hlutdeildarlánin að virka

„Það úrræði sem upp á síðkastið hefur sannað gildi sitt eru hlutdeildarlán en þau fela í sér stuðning ríkis til tekju- og eignaminni aðila til að fjárfesta í eigin húsnæði. Úrræðið hefur brúað eiginfjárkröfu við íbúðarkaup fyrir þau sem þess þurfa og styðja við framboðshlið íbúðamarkaðsins



■ Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að stjórnvöld, ríki og stærstu sveitarfélög landsins tryggja fjöldi og samsetning fullbúinna íbúða sem koma inn á íbúðamarkaðinn á næstu árum verði í takti við þarfir og óskir landsmanna.

með því að hvetja byggingaraðila til að ráðast í ný verkefni.“

Fram kemur í skýrslunni að Samtök iðnaðarins telji það rangnefni að kalla íbúðir innan almenna íbúðakerfisins hagkvæmar íbúðir enda eru þær fyrst og fremst íbúðir

sem eru niðurgreiddar af hinu opinbera. Að mati Samtaka iðnaðarins er það ekki hagkvæmni að láta kostnaðinn falla á skattgreiðendur.

si.is

REENCLE JARÐGERÐARVÉL FYRIR HEIMILIÐ

TEKUR 1 KG Á DAG
JARÐGERIR Á 24 KLST
MINNKAR RÚMMÁLIÐ UM 90%
OG BREYTI RÍFRÆNUM ÚRGANGI Í ÁBURÐ

FYLGID OKKUR
Á REENCLE ÍSLAND
Á FACEBOOK

WWW.REENCLE.CO

Umbúða gerðin

Bílavara hlutir í allar gerðir ökutækja



 Kemi | Tunguhálsi 10 | kemi.is

 **Kemi**

Valvoline smurolíur fyrir krefjandi aðstæður



POULSEN | SKEIFUNNI 2 | POULSEN.IS



■ Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kemi.

Mynd: Morgunblaðið

Kemi og Poulsen

Öflug þjónustufyrirtæki sameina krafta sína



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023**

Um mitt ár 2022 lögðu tvö öflug þjónustufyrirtæki í iðnaði saman krafta sína þegar rekstur Kemi og Poulsen sameinaðist í einu félagi.

Fyrirtækin eru bæði gamalgróin og eiga það sammerkt að hafa fylgt íslenskum iðnaði og þjónustað hann vel í langan tíma. Þó fyrirtækin séu nú sameinuð undir einum hatti eru þau samt rekin aðskilin að hluta og allt kapp lagt á að varðveita þá miklu þekkingu sem býr í þessum einingum. Á þessum styrkleikum byggist sameining félaganna og sókn til

framtíðar en sameinað félag stefnir í að velta um 2,5 milljörðum króna á yfirstandandi ári.

Fagþekking og góð vörumerki

Segja má að fyrirtækin tvö hafi á síðustu árum byggt upp sína þjónustu við iðnað á tengdum sviðum. Hjá Poulsen hafa sérfræðingar verið að sinna þörfum í smurkerfum, legum, keðjum,

þakningæfnum og smurefnum en Kemi hefur byggt upp þekkingu á fjölbreyttum efnavörum, smur-efnum og hreinsiefnum.

Helstu vörumerki fyrirtækjanna eru Valvoline, Total, Bosch, ZF automotive, Loctite, Pilkington, Spies Hecker, 3M og Peltor.


Sameinað félag er nú með rúmlega 50 starfsmenn, fjórar starfsstöðvar og vörulager upp á

700 milljónir til að sinna þörfum viðskiptavina. Í kjölfar sameiningar hefur orðið umtalsverð aukning í veltu og horfa forsvarsmenn þess til áframhaldandi uppbyggingar á komandi árum.

Kröfuharðara umhverfi

Á síðustu árum hefur orðið breyting á rekstri margra iðnfyrirtækja og meiri kröfur eru gerðar um

GÖNGUM VEL UM LANDIÐ OKKAR



www.utivist.is



ÚTIVIST



■ Kemi og Poulsen hafa lengi þjónustað íslenskan iðnað farsælega.

upprunavottanir, staðfestingu á gæðum, umhverfisvottun og tryggingu fyrir því að neikvæð áhrif á umhverfið séu í lágmarki. Helsta keppikefli forsvarsmanna Kemi og Poulsen er að fylgja þessari þróun eftir og bjóða ávallt fleiri en einn möguleika til að leysa þau verkefni sem viðskiptavinir eru að takast á við í sínum rekstri.

Kemi og Poulsen halda úti öflugum vefsíðum www.kemi.is og www.poulsen.is þar sem vörurnar skipta þúsundum og bætist við daglega. Á vefnum má nálgast ítarlegar upplýsingar um vörurnar

ásamt tækniskjölum og öryggisblöðum fyrir þær. Fróðleikshornið geymir einnig upplýsingar varðandi vörurnar og hvernig má nota þær, sem og annan almennan fróðleik.

Velkomin á Iðnaðarsýninguna!

Kemi og Poulsen kynna sínar vöru og þjónustu á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll og bjóða sýningargesti velkomna í bás sinn.

kemi.is
poulsen.is



■ Kemi hefur byggt upp sérþekkingu og þjónustu á undanförunum árum á fjölbreyttum efnavörum, smurefnum og hreinsiefnum.

Er kominn tími til að klára sveinsprófið?

Kynntu þér raunfærnimat



www.raunfaernimat.is



■ Stálpil frá GA Smíðajárni í nýrri Torfunefsbyggju á Akureyri en þær framkvæmdir standa nú yfir.

Stál er grunnur að íslenskri nýsköpun og framkvæmdum



„Við teljum að stál sé grunnur að íslenskri nýsköpun og framkvæmdum. Fyrirtækið var stofnað af Guðmundi Arasyni árið 1970 en hann var járnsmiður og rak áður Borgarsmiðjuna frá árinu 1962. Guðmundur Arason ehf., GA Smíðajárn, hefur því verið leiðandi fyrirtæki í innflutningi á stáli í yfir hálfu öld. Fyrirtækið er fjölskyldufyrirtæki enn þann dag í dag og er í eigu dóttur Guðmundar, Önnu Jóhönnu Guðmundsdóttur. Guðmundur lagði ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu og heiðarlega viðskiptahætti. Fyrirtækið leggur höfuð áherslu á að viðhalda þeim gildum því þau eru hornsteinn þess,“ segir Þorsteinn Arnórsson, framkvæmdastjóri GA Smíðajárns.

„Við erum sterk í stálinu“

Verðmætasköpun sem verður til með notkun á stáli hefur verið gjöfufull fyrir íslenskt samfélag. „Við erum stolt að hafa aðkomu að og unnið með einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa komið að nýsköpun í tæknigeiranum og einnig hefur stál tryggt öryggi í samgöngum, svo sem við hafnir og í vegagerð. Stál lætur ekki fara mikið fyrir sér en í flest öllum húsum má finna stál; við notum stál til að verja náttúru okkar fyrir átroðningi, stál til að flytja vatnið til okkar og tækin sem við notum eru úr stáli. Við hjá GA Smíðajárn erum sterk í stálinu,“ segir Þorsteinn og bætir við að innan fyrirtækisins starfi reyningarmikill fólk í stálinnflutningi sem sé lausnamiðað að finna þær vörur sem viðskiptavinir þurfi á hverjum tíma.



■ Þorsteinn Arnórsson, framkvæmdastjóri GA Smíðajárns.



■ „Við erum sterk í stálinu,“ segir Þorsteinn og það má sannarlega glögg sjá á lager fyrirtækisins.

„Undanfarið hefur sala á ryðfríu stáli farið ört vaxandi og við tryggjum stærstu iðnfyrirtækjum á Íslandi ryðfrítt stál í gegnum okkar birgja. Því höfum við byggt upp stóran lager og úrval af ryðfríu efni sem er með því besta á Íslandi. Auk þess erum við með mjög öfluga sérþöntunarbjónustu og getum boðið stuttan afgreiðslutíma á sérþöntunum. Eins erum við með gott úrval af áli og plasti. Við leggjum metnað í að þökkun og frágangur sé til fyrirmyndar þannig að efnið haldi öllum verðleika sínum til viðskiptavina.“

„Við tryggjum gæðastál“

Þorsteinn segir að fyrirtækið útvegi gæðavottorð með því efni sem það selur enda hafi það sýnt sig að mikilvægt sé að vita uppruna og gæði stáls.

„Stál er umhverfisvænn kostur en það stál sem við seljum er yfir 90% endurunnið og sumar gerðir allt að 98%. Stál er því góður kostur þegar horft er til kolefnisspors framkvæmda,“ segir hann.



Ísfell hefur vottuð réttindi frá LEEA til skoðunar á öllum hífi- og strekkibúnaði

Vottanir, skoðanir og námskeið

- Allur nýr samsettur búnaður vottaður (EC Declaration of Conformity)
- Skoðanir á hífibúnaði - LEEA (Lifting Equipment Engineers Association) vottun
- Skoðanir á fallvarnarbúnaði - Vottun og merkingar frá framleiðendum
- Þjónustusamningur vegna reglubundinna skoðana og eftirlits alls hífi- og fallvarnarbúnaðar
- Rafræn öryggisnámskeið
 - Meðhöndlun og öryggisatriði þegar kemur að notkun á hífibúnað
 - Meðhöndlun og öryggisatriði þegar kemur að notkun á fallvarnarbúnaði
- Ráðgjöf varðandi val og notkun á hífi- og fallvarnarbúnaði





■ Sveinn Enok Jóhannsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni.

Fullbúin hús rokseljast hjá Húsasmiðjunni



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023

Óhætt er að Húsasmiðjan stígi skrefið til fulls á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll því í bás fyrirtækisins verður til sýnis fullbúið 37 fermetra hús. „Þetta er hús úr okkar vörulínu tilbúinna húsa sem framleidd eru í Litháen og njóta vægast sagt mikilla vinsælda hér á landi og rokseljast. Enda vel byggð og vönduð hús sem koma samsett og tilbúin til landsins. Það eina sem þarf er byggingarlóð með lögnum, steyptir dregarar og húsið er klárt til notkunar nánast strax og það kemur á byggingarlóð. Bara stinga í samband, ef svo má segja. Einfaldara getur það ekki orðið að koma sér þaki yfir höfuðið,“ segir Sveinn Enok Jóhannsson, vörustjóri hjá Húsasmiðjunni.

Metsala í fullbúnum húsum í ár
Tilbúnu húsin býður Húsasmiðjan í stöðluðum stærðum frá 24 upp í 52 fermetra að stærð. Húsin eru algjörlega frágengin bæði að innan og utan, með fullbúnum baðherbergjum og eldhúsi með tækjum. Og þau hafa algjörlega slegið í gegn á markaðnum. „Það sem af er ári höfum við afhent 3.200 fermetra í svona fullbúnum húsum, þar af 15 hús til sama kaupandans í ferðaþjónustu á Höfn í Hornafirði. Og ég reikna með að í árslok verði þessi tala farin að



■ Markaðurinn hefur tekið fullbúnu húsunum fagnandi enda bæði vönduð hús og þægileg lausn fyrir stóran kaupendahóp.

nálgast 4.000 fermetra, slík er eftirspurnin,“ segir Sveinn Enok.

„Kaupendahópurinn er fjölbreyttur; fólk sem er að koma sér upp sumarbústað, ungt fólk að kaupa sína fyrstu eign, ferðaþjónustubændur og ýmsir fleiri. Þessi hús hafa hentað mjög vel og við höfum átt gott samstarf við framleiðandann um að þróa þau þannig að þau falli sem best að íslenskum aðstæðum,“ segir Sveinn en hingað til lands koma húsin mánaðarlega með flutningaskipi.

Húsin eru klædd með bandsagaðri vatnslæðningu að utan og val er um nokkra liti. Viðskiptavinir hafa einnig val um lit á gluggum og hurðum, geta valið úr mismunandi gerðum af parketi, tvær gerðir af eldhúsinnréttingum eru í boði og nokkur atriði önnur eru valkvæð.

Saunabað fullkomnar sælureitinn!

Af öðrum vörum sem Húsasmiðjan kynnir í básnum á sýningunni nefnir Sveinn sérstaklega finnsku vörulínuna frá Harvía en um er að ræða tilbúin saunaböð, ofna og annan búnað fyrir saunaböð.

„Harvía eru leiðandi í heiminum í saunaböðum en eru líka stórir í saunaböðum, bæði til notkunar inni og úti, sem og öðrum saunabaðsvörum. Þessar vörur bjóðast nú viðskiptavinum Húsasmiðjunnar. Alveg tilvalið þegar fólk er komið með kalda potta við hlíð heitu pottanna að fullkomna gæðastundirnar með saunabaði frá okkur,“ segir Sveinn Enok.

husa.is

Við færum þér lífsgæði með lögnum



Hitaveita



Vatnsveita



Fráveita



Raf- og gagnaveita

Lífsgæði Íslendinga grundvallast af náttúrulegum auðlindum en fáar þjóðir eiga jafn mikla möguleika á farsælli framtíð á sviði orku og umhverfismála. Set á að baki áralangt og gott samstarf við veitufyrirtæki landsins við nýtingu og flutning gæðanna.



Set ehf • Röraframleiðsla

Þú getur fengið allar okkar vörur afhentar hjá Set í Klettagörðum.



Framúrskarandi
fyrirtæki



VIÐ VERÐUM Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLLINNI DAGANA 31. ÁGÚST TIL 2. SEPTEMBER



VINNUVÉLAR
& ÁSAFL



MARÁS



66°
NORÐUR



Set ehf. • Rórafraðleiðsla



HYDROSCAND
SLÖNGUR OG TENGIBUNADUR



DYNJANDI
allt fyrir öryggið



IDEX



FRÍÐRIK A.
JÓNSSON ehf.



Samey



Stólpi Gámar



BYGGÐASTOFNUN



DRONEFLY
VEFSLUN, VEBK, STÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEGA



AFLHLUTIR



Íslyft ehf



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG



STF
Samband stjórnendafélaga



Fogo
Fire protection



ÍSTEX



BERGNES
merkingar



CORTÆKNI



ALSKYN
Kvæðunarþjónusta
Flæðimælingar



HMIS Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun



Nýsköpun
í mannvirkjagerð



redder
Byggingalausnir



LedTec



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Dexta



element



Ísorka
Rafmagnið í umferð



SÍMENNUN
HÁSKÓLANN & SÁÐIÞYFI



ÍSRRÖR



FÁLKINN ÍSMAR
IÐNÚVÉLAR



Vinnueftirlitið



VHE
HUGVIT Í VERKI



terra
Einingar



TÆKI.IS



PAGO



disact



TREFJAR



PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



DRIF



orkusalan



SÍÐAN 2001
GASTEC
ÞEKKING & ÞJÓNUSTA



SLIPPFÉLAGIÐ
MALINGARVERKSMIÐJA
— 1902 —

VIÐ VERÐUM Á IÐNAÐARSÝNINGUNNI Í LAUGARDALSHÖLLINNI DAGANA 31. ÁGÚST TIL 2. SEPTEMBER





IÐNAÐARSÝNINGIN 2023 LAUGARDALSHÖLL

Fjölbreyttur og kraftmikill íslenskur iðnaður
Yfir 100 fyrirtæki kynna vörur og þjónustu

OPNUNARTÍMI

Fimmtudagur 31. ágúst – 14:00-19:00


Föstudagur 1. september – 10:00-18:00


Laugardagur 2. september – 10:00-17:00



Samtök iðnaðarins

Sýningin er unnin í samstarfi við Samtök iðnaðarins.







■ Jón Rúnar Sigurðsson, eigandi og framkvæmdastjóri Cortækni, býður sérhæfðar lausnir í tæringarvörnum og nýjasta varan hjá fyrirtækinu er Stopaq tæringarvarnarlímbandið sem kynnt verður á Iðnaðarsýningunni.

Cortækni kynnr Stopaq ryðvarnarlímband



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023**

Cortækni er ungt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ryð- og tæringarvörnum en eigandi þess og framkvæmdastjóri er Jón Rúnar Sigurðsson.

urðsson. Fyrirtækið hóf starfsemi árið 2019 og með heildarlausnir í tæringarvörnum frá bandaríska fyrirtækinu Cortec en vörur þess hafa verið notaðar í áratugi til ryðvarna við krefjandi aðstæður, t.d. í iðnaði og sjávarútvegi.

Á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll mun Cortækni auk þess kynna nýja vöru fyrir íslenskan

markað sem það fékk á dögnum umboð fyrir en um er að ræða er sérhannað tæringarvarnarlímband sem t.d. er afar fljótlegt og árangursríkt að nota á lagnir. Límbandið frá Stopaq er 100% umhverfisvænt, vottað fyrir matvælaíðnað og er svo öflugt að hægt er að setja það á í vatni eða sjó.

bolir bleytu, hita og endist í áratugi

„Stopaq ryðvarnarlímbandið er algjör nýjung hér á landi og í til efni þess að við erum að hefja kynningu og sölu á því á íslenskum markaði verður fulltrúi frá Stopaq í básnum hjá okkur á fyrsta degi Iðnaðarsýningarinnar í Laugardalshöll,“ segir Jón Rúnar en ef t.d. er um að ræða ryðvörn á

rörum segir Jón Rúnar að notkun á Stopaq límbandinu spari bæði tíma, vinnu og fjármuni.

„Til að verja t.d. rör á hefðbundinn hátt þyrfti að sandblása, grunna og mála en fyrir vörn með Stopaq þarf aðeins að hreinsa með virbursta eða háþrýstingi og vefja síðan bandinu yfir. Þar með er komin vörn sem endist í lágmark 30 ár án viðhaldsþjónustu,“ segir Jón Rúnar og bætir við að límbandið þoli hita upp í 120 gráður og því er það tilvalið á t.d. hitaveiturör. „Þetta er vara sem er notuð í olíuíðnaði og hún er áhugaverð fyrir verkataka, hafnarmannvirki, orkumannvirki og ýmis önnur svið í atvinnulífinu þar sem tæringarhætta er fyrir hendi.“

Fjölbreyttar tæringarvarnir og smurfeiti fyrir matvælaíðnað

Tæringarvarnir eru leið til að lengja líftíma vélbúnaðar, rafbúnaðar og framleiðsluvara úr málm og í því liggur sérhæfing Cortækni. Fyrirtækið býður lausnir til að vernda ytra byrði búnaðar sem t.d. þarf að geyma eða flytja og einnig er fyrirtækið með vörur til að tæringarverja innra byrði vélbúnaðar, ef á slíku þarf að halda. Um allar þessar lausnir má fræðast í básnum á Iðnaðarsýningunni auk þess sem þar verða kynnt De-felsko mælitæki sem Cortækni selur.

„Við höfum líka á boðstólum sérhannaða smurfeiti fyrir matvælaíðnaðinn frá Cortec sem er mikil gæðavara, líkt og annað sem frá því fyrirtæki kemur,“ segir Jón Rúnar.

LAUSNIR Á LAGER

Hífa, lyfta, slaka

Vökvadælar, mótórar, tjakkar, tankar, lokar. HMF bílkranar.




LANDVÉLAR | SMÍÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR

cortækni.is

Traustur félagi atvinnulífsins



skeljungur.is | Skútuvogi 1



Stóru loftslagsmálin tækluð



■ Höfundur er Sírý Ósk Bjarnadóttir, PhD., framkvæmdastjóri umhverfis- og gæðasviðs hjá Hornsteini.

Fyrir þremur árum setti BM Vallá fram það metnaðarfulla markmið að öll steypuframleiðsla fyrirtækisins yrði kolefnishlutlaus árið 2030. Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í framleiðslunni hefur kallað á margvíslega vörupróun og nýsköpun samhliða breytingum á verkferlum og mótvægisáðgerðum.

Sementið langstærsti losunarpátturinn Steinsteypa samanstendur af sandi, mól, vatni og sementi. Um það bil 90% af hráefnum í steypu koma úr íslensku nærumhverfi enda er meirihluti af íslenskum byggingum steypar. Sementið er 10% af hráefninu í steypunni en ber hins vegar ábyrgð á 90% af kolefnislosun steypunnar. Það er því brýnt að tækla stóru málin í steypuframleiðslunni með því að draga úr notkun á sementi og hafa þannig raunveruleg áhrif á lækun kolefnisspors íslensks byggingariðnaðar.

Kolefnislosun bygginga

Samkvæmt rannsóknnum á lífsferli bygginga er áætlað að steypa beri ábyrgð fyrir 28-33% af heildarkolefnisspori byggingar á meðan losun frá steypubílum og dælum er eingöngu 1-3%. Það er því nokkuð ljóst að til þess að ná alvöru árangri í að draga úr kolefnislosun mannvirkjageirans þarf að

minnka sementsmagnið í þeim steypugerðum sem notaðar eru.

Gagnsæi upplýsinga

Losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi BM Vallár, ásamt kolefnisspori á aðkeyptri vöru, er birt í kafla um umhverfisuppgjör í sjálfbærnisráðgjafi fyrirtækisins og þar má bersýnilega sjá að sementið vegur þyngst, eða 85-90% af heildar kolefnislosun, í starfseminni. Það er því forgangsmál að bjóða nýjar tegundir steypu sem eru með vistvænna sementi og hefur Berglind, vistvænni steypa með allt að 40% minna kolefnisspori, verið sett á markað.

Heildarkolefnisspor steypu lækkað um 15%

BM Vallá vinnur náið með fremstu vísindamönnum heims að þróun nýrra steypugerða til að draga úr notkun sements. Meðal þess sem hefur verið notað með góðum árangri sem lauki í sement er flugaska sem myndast við brennslu kola og tilheyrir flokki possólana-efna. Possólana-efni getur komið í stað ákveðins hluta af sementinu í steinsteypublöndunni án þess að það komi niður á styrk og þéttleika steypunnar. BM Vallá hefur þróað steypugerðir með þessari sementsgerð og hafa þessar aðgerðir gert það að verkum að kolefnisspor steypu hef-




■ Steinsteypa ber ábyrgð á 28-33% af heildarkolefnisspori bygginga.

Kolefnishlutlaus steypa



LEIDIN AÐ NÚLLINU



■ Tímalína BM Vallár um lækkun kolefnisspors steypu.



■ Jarðfnaeldsneyttissteypubílar bera ábyrgð á 1-3% af heildarkolefnisspori bygginga.

ur dregist saman um 15% á hvern seldan rúmmetra af steypu síðan 2020.

Loftslagsmálin tæklud með nýsköpun

Metnaðarfullt nýsköpunarverkefni er í gangi um þessar mundir þar sem er verið að skoða möguleika á að nota þossólana-efni frá Íslandi sem íauka í sement. Fyrstu rannsóknir lofa góðu og benda til þess að hægt væri að lækka kolefnisspor steypunnar um allt að 20% samhliða því að gera sementsnotkun á heimsvísu umhverfisvænni.

Helsti sementsbirgi fyrirtækisins, Heidelberg Materials Sement Norge AS, vinnur

að byggingu nýrrar kolefnisföngunarstöðvar í Noregi sem mun taka til starfa 2024-2025. Afkastageta hennar verður um 400 þúsund tonn af kolefni á ári, sem samsvarar u.þ.b. 50% af útblæstri verksmiðjunnar. Þetta þýðir að sementið sem verður notað í steypu kemur til með að vera með 50% lægra kolefnisspor en hefðbundið sement.

Snjallnemar fyrir snjallar ákvarðanir

BM Vallá hefur til sölu snjallnema í steypu sem gera framkvæmdaraðilum kleift að fylgjast með hitastigi, hörðnun og styrkleika steypunnar í rauntíma. Það þýðir að

hægt er að taka upplýstar ákvarðanir um hvenær megi slá frá mótum á verkstað, stytta þannig verktíma og minnka sóun. Snjallnemarnir veita einnig mikilvægar upplýsingar um sementsmagn en erlendar rannsóknir hafa sýnt að hægt er að lækka kolefnisspor steypu um allt að 20% með því að nota snjallnema.


Skref fyrir skref

Áætlanir BM Vallár gera ráð fyrir að innan fjögurra ára verði búið að minnka kolefnisspor steypunnar um 68% og að losun pr. rúmmeter á steypu fari niður í 87 kgCO₂/m³,

en árið 2020 var sú tala 272 kgCO₂/m³. Þessi viðmið taka ekki tillit til þeirrar þróunar á steypublöndum sem er á hverju ári og getur lækkað kolefnissporið enn frekar, eða um allt að 2-3% á ári.

Þessar aðgerðir ásamt mörgum öðrum leggja grunninn að markmiði um kolefnishlutleysi 2030 og að BM Vallá verði þannig umhverfisvænsti steypuframleiðandi landsins innan sjö ára, jafnvel fyrr.

bmvala.is



CE-vottuð einangrun

á að vera í öllum byggingum á Íslandi

Við höfum varðveitt ylinn í íslenskum húsum í rúm 60 ár

Hágæða einangrunarplast

- ✦ fyrir sökkla
- ✦ undir gólfplötur
- ✦ á útveggi og þök


TEMPRA

einangrun - umbúðir

Hluti af  rotovia

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

Nýsköpunarverkefni á landsbyggðinni fá 100 milljónir

Úthlutað hefur verið nýsköpunarstyrkjum fyrir landsbyggðina úr Lóunni en hlutverk þess sjóðs er að styðja nýsköpun, eflingu atvinnulífs og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni á forsendum svæðanna sjálfra. Í ár var sérstaklega horft til verkefna sem komin eru af byrjunarstigi og tengjast samfélagslegum áskorunum á borð við loftslagsmál, sjálfbærni í heilbrigðis- og menntamálum og sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Heildarfjárhæð úr Lóu í ár var 100 milljónir króna, líkt og síðustu ár.

Úthlutað var til 25 verkefna en alls bárust 97 umsóknir á fjöl-



breyttum sviðum, allt frá hugmyndum á frumstigi til stærri verkefna sem komin eru vel á veg. Líkt og sjá má í meðfylgjandi yfirliti endurspeglast fjölbreytnin í þeim verkefnum sem fengu styrk og sem dæmi er þar að finna áburðarframleiðslu, þróun matvöru úr þangi og sjávarþara, sjálfbæra matvælaframleiðslu, þróun

og vinnsla bioplasts úr hampi og samfélagsverkefni um að nýta rafíþróttir til að efla færni á

vinnumarkaði. Verkefnin eru í öllum landshlutum og kynjahlutfall var nokkuð jafnt, að því er segir í

frétt háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu.

Landsvæði	Umsækjandi	Verkefni	Styrkfjárhæð í kr.
Vesturland	Algó ehf.	Sjálfbær öflun þara, örvinnsla og vöruþróun sæmetis	8.400.000
Norðurland eystra	Hið Norðlenzka styrjufjelag ehf.	Styrjukavíar	8.210.000
Norðurland vestra	Vettvangur íþróttar ehf.	Skráningar- og greiðslugátt fyrir íþróttamótakerfi framtíðarinnar	7.840.000
Norðurland eystra	Hemp Pack ehf.	Nord Plast Plus	7.110.000
Norðurland vestra	Textílmíðstöð Íslands	Á bláþræði	7.000.000
Suðurland	Frostþurrkun ehf.	Verðmætaaukning hliðarafurða laxa úr landeldi	6.559.000
Norðurland	Primex ehf.	Markaðsrannsókn og skráning á lækningatækinu ChitoCare Medical í Bandaríkjunum	5.800.000
Suðurland	Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Veiðar og vinnsla á rauðáttu við Vestmannaeyjar	5.000.000
Austurland	Skógarafurðir ehf.	Hagnýt verkfærakista og umhirðursamningur fyrir nytjaskóga bænda	4.000.000
Norðurland eystra, Vesturland og Suðurnes	STEM Húsavík	Námsvistkerfi til eflingar samfélögum	4.000.000
Vestfirðir	Sjótækni ehf.	Bætt velferð laxa í sjókvím	4.000.000
Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra	Fine Foods Islandica ehf.	Virðisaukandi vörur úr íslenskum sjávarafurðum og eldisþangi	3.913.104
Norðurland eystra	Þekkingarnet bingeyinga	Iðnaður og endurnýting	3.570.000
Austurland	Blábjörg ehf.	Sjálfbær vöruframleiðsla úr þara og endurnýting sem áburður í landbúnaði	3.080.000
Vesturland	Valdís Fjölfnisdóttir	Loftslagsbaujur á Breið	2.600.000
Vestfirðir	Ískalk	Áburðarframleiðsla í héraði	2.500.000
Norðurland vestra	Húnaþing vestra	Efling frumkvöðlastarfsemi í Húnaþingi vestra	2.100.000
Suðurland	Eden ehf.	Binding og notkun á íslensku bergi	2.000.000
Austurland	GPA ehf.	Grænormur, sjálfbær matvælaframleiðsla byggð á tækni og hugviti	2.000.000
Vesturland	Kaja Organic ehf.	Jurtamjólkurverksmiðja	1.500.000
Tandrabretti ehf.	Norðurland eystra og Austurland	Framleiðsla og nýting á lífkolum	1.500.000
Norðurland eystra	Þekkingarnet bingeyinga	Beislum kraftinn - hagnýting rafíþróttar til eflingar færni 18-29 ára	1.500.000
Norðurland eystra	Martin Varga	Þróun á lífrænum áburði úr staðbundnum lífmassa	1.160.000
Norðurland vestra	Guðfinna Lára Hávarðardóttir	Skel- og þörungafurðarframleiðsla til nýtingar í landbúnaði	1.120.000
Suðurland	Öldurhús ehf.	Sjálfbærni í mjaðargerð	730.000

Vöxtur í virkjun hugvitsins

Hugverkaiðnaður hefur vaxið undanfarin ár og er hann orðinn mikilvægur stöð í gjalddeyrisskiptum hagkerfisins. Um er að ræða greinar fyrirtækja í upplýsinga- og fjarskiptaiðnaði, kvikmyndaiðnaði, tölvuleikjaiðnaði, lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaði og öðrum háttækniidnaði.

Fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga það flest sameiginlegt að byggja að stórum hluta á rannsóknum, þróun og nýsköpun. Með umbótum í umgjörð nýsköpunar á Íslandi hafa fyrirtæki orðið til og vaxið og framundan gæti verið vaxtarskeið á þessu sviði þar sem fyrirtæki ná markaðsstöðu og auka veltu. Samtök iðnaðarins hafa undanfarin ár

talað máli hugverkaiðnaðar og gætt hagsmuna félagsmanna á því sviði, sér í lagi varðandi nýsköpun.

Ólíkt öðrum stöðum útflutnings þá byggir hugverkaiðnaður ekki á nýtingu auðlinda heldur á því að virkja hugvitið til sköpunar verðmæta og starfa. Með hliðsjón af því þá liggja helstu vaxtarmöguleikarnir í atvinnulífi og í útflutningi á sviði hugverkaiðnaðar. Ef rétt er á málum haldið og réttar ákvarðanir verða teknar á næstu árum þá verður hugverkaiðnaður stærsta útflutningsgrein Íslands í framtíðinni.

si.is



HÁGÆÐA GLUGGAR & HURÐIR FRÁ DANMÖRKU



STRÚKTÚR

GA

SMÍÐAJÁRN

- STERK Í STÁLINU -

ÁRATUGA REYNSLA
AF INNFLUTNINGI OG SÖLU Á SVÖRTU STÁLI



RYÐFRÍTT STÁL, ÁL & PLAST
ÖRT VAXANDI Á ÍSLENSKUM MARKAÐI



**MIKIÐ ÚRVAL AF EFNI Á LAGERUM OKKAR
ÖFLUG SÉRPÖNTUNARÞJÓNUSTA
VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI**

AFGREIÐSLUTÍMAR
Mán-Fim 8-17
Fös 8-16

ÍSHELLA 10
221 Hafnarfjörður
Skrifstofa og lager
568 6844

RAUÐHELLA 2
221 Hafnarfjörður
Sölumenn og lager
568 6844

ODDEYRARSKÁLI
600 Akureyri
Söluskrifstofa
568 6824

568 6844
ga@ga.is
www.ga.is



■ Hjörleifur Árnason við sýningarvegginn sem verður á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Þar eru sýnd dæmi um klæðningar og yfirborðsfrágang á veggjum húsa sem byggð eru með þessari lausn.

Polynorth hefur framleiðslu á frauðplastkubbum til húsbygginga

Fyrirtækið Polynorth á Akureyri hóf í sumar framleiðslu á EPS frauðplastkubbum til húsbygginga og segir Hjörleifur Árnason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins að framleiðslan hafi strax vakið mikinn áhuga. Varla líði sá dagur að ekki komi fyrirspurnir frá áhugasömum húsbyggjendum en vandinn sé fyrst og fremst sá að margir haldi að sér höndum núna

með framkvæmdir vegna stöðugt hækkandi vaxta.

Polynorth framleiðir fjórar gerðir frauðkubba, þ.e. sökkulkubba og sökkulkubbahorn og samsvarandi veggkubba og horn. Steypuveggþykkt í sökkulkubbum er 215 mm og 140 mm í veggkubbum. Steyptar eru plastfestingar í kubba fyrir bæði standandi og liggjandi járn.

Á innra byrði kubba er frauðplastið 50 mm þykkt og 70 mm á ytra byrði. Þegar búið er að steypa vegg upp með þessu lagi er því jafnframt búið að fülleingra veggina.

Hentugt fyrir íslenskar aðstæður

„Þessi byggingaraðferð er þekkt hér á landi en kubbar hafa ein-

göngu boðist innfluttir á undanförunum árum með tilheyrandi flutningskostnaði. Við teljum mikil tækifæri í að framleiða þessa kubba hér heima og að þetta sé byggingaraðferð sem eigi mikið erindi í byggingariðnaði á Íslandi. Áhuginn er mjög greinilega fyrir hendi á byggingamarkaðnum,” segir Hjörleifur en Polynorth framleiðir einnig margar plötu-

stærðir af EPS einangrunarplasti til að einangra sökkla, einangrun til nota utanhúss og innanhúss, einangrun í gólfplötur og þök ásamt því að bjóða upp á flókinn sérskurð á plastinu sé þess óskað.

Um margt að velja í yfirborðsfrágangi veggja

Polynorth kynnir frauðkubbaframleiðslu sína á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll og þar má t.d. sjá hvernig hægt er að útfæra mismunandi klæðningar á frauðkubbaveggina, bæði að innan og utan. EPS plastið í kubbum er harðpressað með 24 kg eðlisþyngd og því er t.d. auðveldlega hægt að skrúfa í það lektur fyrir klæðningar, hvort heldur að utan eða innan. Að innan er t.d. hægt að líma gífsplötur beint á kubba og að utan er einnig valkostur að draga múr á plastið.

Byrjað er að byggja hús úr nýju kubbum frá Polynorth en Hjörleifur segir þá líka henta í viðbyggingar og smærri verk.

„Þetta er byggingaraðferð sem hefur ýmsa kosti en fyrst og fremst er þetta fljótleg aðferð til að byggja og skemmtileg. Og síðast en ekki síst hagkvæm miðað við þann samburð sem við höfum gert. Sjón er sögu ríkari fyrir gesti lðnaðarsýningarinnar,” segir Hjörleifur.

polynorth.is

KEMPPPI

Hvað ertu að suða?

Finnska undrið í rafsuðunni. Rafsuðuvélar, öryggisvörur og suðuvír.





**VIÐ GERUM
ÚT Á GÓÐA
ÞJÓNUSTU**



Héraðsprent

FJARÐABYGGÐARHAFNIR

- Mjóafjarðarhöfn
- Norðfjarðarhöfn
- Eskifjarðarhöfn
- Mjóeyrarhöfn
- Reyðarfjarðarhöfn
- Fáskrúðsfjarðarhöfn
- Stöðvarfjarðarhöfn
- Breiðdalsvíkurhöfn



FJARÐABYGGÐ
www.fjardabyggd.is



■ Friðrikka Auðunsdóttir, sölustjóri Trefja.

Sannkölluð heilsulind í garðinum



Á Iðnarsýningunni kynnis fyrirtækið Trefjar ehf. í Hafnarfirði framleiðslu sína á heitum og köldum pottum en um er að ræða þrautreynda framleiðslu sem Íslendingar hafa góða reynslu af. Trefjar hafa framleitt heita potta í tæp 40 ár og í dag hefur fyrirtækið á boðstólum fjölbreytt úrval hitaveituskelja, kaldra potta og rafmagnspotta, auk þess að selja tengibúnað og aðra fylgihluti sem nauðsynlegir eru.

Sterkir pottar og tímalaus hönnun

Friðrikka Auðunsdóttir, sölustjóri Trefja, segir fyrirtækið hafa frá upphafi lagt áherslu á styrk pottanna og góða endingu en innsta lag pottanna er úr trefjaplasti en ytri lög úr akrýl. Pottarnir eru með einangrun til að draga úr hitatapi og fást þeir í mismunandi litum og mörgum stærðum.

„Við höfum í gegnum árin lagt mikið upp úr góðri hönnun á pottunum; að þeir séu bæði fallegir, sterkir og að formið sé þannig að allt vatn tæmist úr pottinum við losun. Það má segja að þetta sé tímalaus og góð hönnun sem viðskiptavinir kunna vel að meta,“ segir Friðrikka.

Kaldir pottar og sauna

Kaldir pottar við hlið heitu pottanna njóta vaxandi vinsælda enda hefur á síðari árum verið sýnt fram á hollustu kaldra baða.

„Sumum þykja köldu böðin alveg ómissandi við hlið heitu pottanna,“ segir Frið-



■ Góðar stundir í vandaðri lúxus saunu frá Auroom. Hún kemur tilbúin til notkunar.



■ Heitur og kaldur. Það jafnast ekkert á við pottaferð eftir útvist og hreyfingu.

rikka en einnig selja Trefjar lúxussauna-klefa, m.a. frá Auroom Wellness, og þannig má segja að heilsulindin í garðinum sé full-

komin; heitur pottur, kaldur pottur og sauna! Hægt er að fá saunaklefa í stöðluðum og sérsníðuðum útfærslum.

„Hvort heldur er um að ræða við heimili fólks eða sumarbústaðina þá fjölgar stundunum í garðinum og fólk nýtir betur



■ Ljúf stund í Unaðsskel.



■ Brugðið á leik í Ólduskel. Það er alltaf fjör í pottinum!



■ Sindraskel er stærsti potturinn í framleiðslu Trefja, rúmar 15 manns og er t.d. tilvalinn fyrir ferðabjónustuna. Þessi pottur verður sýndur á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

sælureitinn sinn. Heit og köld böð veita vel-líðan og ekki síst er það okkur mikilvægt hér á Íslandi að nýta þær stundir sem gefast, hvort heldur er á sumardegi eða í skammdeginu og köldum vetrarveðrum," segir Friðrikka.

Fimmtán manna Sindraskel

Viðskiptavinahópur Trefja er stór og líkt og áður segir eru pottarnir fáanlegir í mörgum stærðum og fjölbreyttum litum. Á sýningar-svæðinu sínu á lðnaðarsýningunni í Laugardalshöll munu Trefjar verða með svokallaða Sindraskel sem er stór pottur sem ekki hvað síst er hugsaður fyrir ferðabjónustuaðila. Þetta er stærsti akrýlpottur sem

framleiddur er hér á landi og rúmar 15 manns.

„Viðskiptavinir okkar í ferðabjónustu segja að heitur pottur laði gesti að og Sindraskelin er einmitt hentug fyrir ferðabjónustuna, stór pottur og vel formaður þannig að auðvelt er að þrifa hann. Við hvetjum áhugasama til líta við á básnum okkar og þrifa jafnvel ofan pottinn og máta.

Við verðum með heitt á könnunni og okkar bestu ráðgjafa á staðnum," segir Friðrikka að lokum.

.....
trefjar.is
.....

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

BYKO
FAGFÓLK
Gerum þetta saman

Ísrör veitir þjónustu alla leið



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023

Ísrör hefur þjónað orkuveitum og verktökum um land allt frá stofnun árið 1992. Nýir eigendur tóku við fyrirtækinu fyrir sjö árum og síðan þá hefur veltan meira en fjórfaldast. „Áður lagði Ísrör megináherslu á að bjóða fjölbreytta flóru lagnavara fyrir heitt vatn en hefur á liðnum árum verið að bæta inn vörum fyrir kalda vatnið, ídráttarrörum, inntakspétti og mörgu fleiru. Næst verður farið í fráveitulagnir og fleiri nýjungar eru í bígerð en við munum kynna vörur okkar og þjónustu á bás B10 í Laugar-dalshöllinni,“ segir Örn Sigurðsson framkvæmastjóri í samtali.

Fjölbreytt vöruflóra

„Helstu vöruflokkar okkar eru for-einangruð pex- og stálrör ásamt tengiefni en einnig allt sem fylgja þarf með eins og allur fittings, pressur og lokar. Þá bjóðum við m.a. upp á ídráttarrör og barka, opnanleg hlífðarrör, hólka, varúðar- og hlífðarborða, inntakspéttningar og sterkar en léttar jarðvegs-mottur til að hlífa viðkvæmum verksvæðum. Þá erum við með vandaða skápa úr galvaniseruðu stáli, m.a. hitaveituskápa,



■ Örn Sigurðsson framkvæmastjóri Ísrörs ehf.: „Lykillinn á bak við velgengni Ísrörs er fyrsta flokks vara og úrvalþjónusta. Þetta þarf ekki að vera flókið.“

dælu-, lagna-, gas- og ljósleiðaraskápa. Loks erum við hægt og

rólega að bæta við okkur rörum og hvers konar tengiefni fyrir kalt

vatn og fráveitur eins og áður sagði.“

Þegar við heimsóttum Ísrör í vistlegt húsnæði fyrirtækisins við Hringhelli 12 í Hafnarfirði kom okkur á óvart að sjá gríðarlegt úrval af alls kyns lagnavörum, bæði í húsnæðinu sjálfu og á lóð fyrirtækisins.

Að eiga vöruna á lager

„Kúnnarnir okkar, sem eru einkum orkuveitur, sveitarfélög, verktakar og pípulagnaverktakar, eru kröfuharðir og á þessum markaði ríkir grimm samkeppni. Við gerðum okkur strax ljóst að mikilvægt væri að geta útvegað umbeðna vöru fljótt og vel og þess vegna hefur verið byggður upp sterkur lager sem er ætlað að tryggja að viðskiptavinirnir þurfi ekki að bíða dögum saman eftir því að fá það sem beðið er um. Það má eiginlega segja að við séum með allt til alls og við reynum að afgreiða pantanir samdægurs og koma pöntunum strax af stað til viðskiptavinanna. Það er mikilvægt þegar samkeppnin er annars vegar því ef kúnninn fær ekki strax það sem hann biður um færir hann sig einfaldlega annað.“

Kælirörin vinsælu

Til viðbótar við fjölbreyttar vörur Ísrörs má loks nefna eina í viðbót sem segja má að hafi sannarlega slegið í gegn. „Þessi vara okkar er ekki beinlínis tengd hitaveitueða kaldavatnslögnum en um er að ræða kælirörin vinsæla fyrir bjór eða aðra kalda drykki sem við munum auðvitað kynna ræki-lega í básnum okkar í Laugar-dalshöllinni. Við bjóðum gesti velkomna í bás B10 á Iðnaðarsýningunni 2023,“ segir Örn að síðustu.

Ísrör er til húsa að Hringhelli 12 í Hafnarfirði og síminn er 565 1489.

isror.is

TUDOR rafgeymar

Stórir traustir **TUDOR** rafgeymar fyrir öll atvinnutæki



Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



Rafmagnið er alltumlykjandi

Rafmagnið er samnefni öryggis, velmegunar, tækni og framfara. RARIK er tæknifyrirtæki sem byggir á hæfu og vel menntuðu starfsfólki og dreifikerfi fyrirtækisins er ein af grunnstoðum íslensks samfélags. Við hlökkum til að verða samferða þér inn í framtíðina.

Auk fjögurra hitaveitna og einnar fjarvarmaveitu sér RARIK 90% af sveitum landsins og 44 þéttbýliskjörnum fyrir raforku með umfangsmesta dreifikerfi landsins. Í dag eru 75% raforkukerfis RARIK í jarðstrengjum. Allt kerfið verður lagt í jörð.

UM GILDI RARIK,
HLUTVERK OG
FRAMTÍÐARSÝN



Hugrekki



Árangur



Virðing

Við erum þekkingar- og þjónustufyrirtæki í fararbroddi sem starfar af ábyrgð og nýtir bestu fáanlegu tækni með gagnkvæman hag að leiðarljósi.

Markmið okkar er að auka verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina okkar með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri.



■ Helga María Adólfssdóttir og Alma Dagbjört Ívarsdóttir hjá Mannviti.

Verkefnið er að bæta byggingar á Íslandi

Rætt við Ölmú Dagbjörtu Ívarsdóttur og Helgu Maríu Adólfssdóttur hjá verkfræðistofunni Mannviti

Þær Alma Dagbjört Ívarsdóttir fagstjóri Bættra bygginga og Helga María Adólfssdóttir sérfræðingur í lífsferilsgreiningum eru starfsmenn verkfræðistofunnar Mannvits og starfa þar í faghópi sem ber nafnið Bættra byggingar. Það heiti vísar óneitanlega til þeirrar áherslu að stuðla að framþróun byggingariðnaðarins með það að markmiði að mannvirki verði stöðugt vandaðri, betri íverustaðir fyrir notendur, að ágöllum fækki og þannig mætti áfram telja. Þær Alma Dagbjört og Helga María eru báðar menntaðar á sviði byggingarfræði og byggingarverkfræði og þekkja vel til þessara mála í Skandinavíu þar sem þær segja byggingariðnaðinn og mannvirkjagerð á margan hátt mörgum árum á undan Íslendingum. „Markmiðið þarf að vera að brúa þetta bil og til þess getum við nýtt okkur reynslu nágrannalandsanna. Það er verkefni okkar á komandi árum hér á landi,” segja þær.

Kaup COWI á Mannviti opna ný tækifæri Verkefni Mannvits í mannvirkjagerð og byggingariðnaði eru fjölbætt en fyrirtækið er meðal þeirra stærstu og reyndustu í verkfræðisþjónustu á Íslandi. Fyrir á þessu ári urðu mikil tímamót í sögu Mannvits þegar alþjóðlega ráðgjafar fyrirtækið COWI keypti Mannvit. Þar með urðu 280 starfsmenn Mannvits á Íslandi hluti af um 7500 manna starfshópi COWI vítt um heiminn. Alma segir starfsmenn Mannvits fyrst og fremst sjá tækifæri í þessum breytingum.

„Þessar eignarhaldsbreytingar eru til-
tölulega nýtilkomnar en við sem hér störf-
um lítum fyrst og fremst þannig á að við
séum að styrkja okkur verulega og gera
okkur kleift að auka þjónustu okkar hér á
landi. Við höfum nú þegar sérþekkingu og
fjölbreytta reynslu á ýmsum sviðum sem
nýtist fyrirtækinu í innlendum sem erlend-
um verkefnum en á sama tíma opnar teng-
ingin við COWI okkur leið að mikilli þekk-
ingu og reynslu sem mun styrkja okkur enn
frekar. Við horfum því með jákvæðum aug-
um á þetta skref,” segir Alma Dagbjört.

**Lífsferilsgreiningar bygginga
það sem koma skal**

Framhjá því verður ekki litið að ágallar í byggingum, mygluvandamál, lekavandamál og fleiri atriði hafa verið fyrirferðarmikil í umræðunni hér á landi á síðustu árum. Byggingariðnaðurinn sem faggrein stendur líka, líkt og aðrar greinar, frammi fyrir auknum kröfum í umhverfismálum og orkuskiptin eru einnig hluti af þróun greinarinnar. Líkt og áður segir vinna þær Alma Dagbjört og Helga María að verkefnum innan Mannvits sem segja má að snerti alla þessa þætti, fjölbreyttri ráðgjöf í innvistar-, orku- og umhverfismálum. Nú er hafin á vegum stjórnvalda endurskoðun á byggingarreglugerð, sem segja má að sé nokkurs konar leiðarvísir allra sem starfa í byggingariðnaðinum. Má þar nefna verkefnið Byggjum grænni framtíð, samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð, og útgáfu Vegvísis að vistvænni mannvirkjagerð 2030. Eitt af þeim verkefnum sem reikna má með að komi inn í

þá reglugerð eru svokallaðar lífsferilsgreiningar mannvirkja. Helga María þekkir vel til þessara mála og hefur tekið þátt í verkefnavinnu um innleiðingu slíkra greininga hér á landi en tillögur þar um voru hluti af tillögum sem skilað var til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir í sumar.

„LCA, eins og lífsferilsgreining er gjarnan nefnd, er greining sem hefur það að markmiði að meta umhverfisáhrif og er þekkt í mörgum greinum iðnaðar. LCA í byggingariðnaði hér á landi er hins vegar nýjung á síðustu árum en ég geri ráð fyrir að með endurskoðun byggingarreglugerðar verði skylt að gera slíkar greiningar þegar hús eru byggð. Með LCA greiningu verður til heildstæð sýn á allan lífsferil byggingar, allt frá framleiðslu byggingarefna, flutningi byggingarefna, framkvæmdir á verkstað eru metnar, lagt er mat á alla þætti á notkunartímabili mannvirkisins, t.d. viðhald, raforkunotkun, vatnsnotkun og þannig mætti áfram telja og út úr þessu fást t.d. upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda vegna byggingarinnar og fleiri upp-

lýsingar. Með hugmyndafræði lífsferilsgreininga er líka hægt að taka mið af hringrásarhagkerfinu og skoða hvað gerist eftir að líftíma byggingar lýkur, hvað er hægt að endurnýta úr byggingunni eða endurvinna,” segir Helga María en sem dæmi voru LCA greiningar innleiddar í byggingarreglugerð í Danmörku um síðustu áramót en Ísland er það eina af Norðurlöndunum sem ekki hefur staðfest dagsetningu á þessum breytingum.

Vandaðri byggingar alltaf markmiðið
Aðspurð segir Helga María að verði LCA greiningar settar í byggingareglugerð hér á landi þá verði þær hluti af hönnunarferli nýbygginga.

„Við höfum lagt á það áherslu í tillögum okkar um þessa nýjung sem LCA greiningarnar eru, að innleiðing þeirra verði einföld og í þrepum á næstu árum. Hér er ekki um að ræða flóknar eða íþyngjandi kvaðir fyrir framkvæmdaraðila og verkkaupa. Vissulega mun hljótast kostnaður af upptöku þessa kerfis á fyrstu stigum mannvirkis en okkar mat er hins vegar að til lengri tíma litið þá skili þessir ferlar okkur því sem við viljum stefna að, þ.e. vandaðri og betri byggingum með lækkaðri losun. Ef LCA kerfið hjálpar okkur á þeirri vegferð og skilar slíkum árangri þá verður ekki um kostnaðarauka að ræða. Því má ekki gleyma að neikvæð áhrif hlýnnunar jarðar og loftslagsbreytinga hafa í för með sér gifurlegan ófyrirséðan kostnað sem að hefur áhrif á alla,” segir Helga María.

Nauðsynlegt að gera betur í byggingariðnaðinum

Þær Alma Dagbjört og Helga María eru sammála um nauðsyn þess að öflugum byggingarannsóknnum verði komið á fót á Íslandi. Sá þáttur sé mikilvægur á þeirri vegferð að auka gæði í byggingariðnaðinum í heild. Orkunýting í byggingum er líka atriði sem þær nefna sem atriði sem við Ís-



■ Fasar lífsferilsgreiningar sem spannar allt lífskeið byggingar.



■ Yfirlit sem sýnir hvenær krafa um lífsferilsgreiningar tóku eða taka gildi á Norðurlöndunum.

lendingar komum til með að þurfa að horfa mun meira til og það fyrir en seinna. „Staðreyndin er sú að við Íslendingar

erum dálitlir orkusóðar og teljum okkur hafa nóg af heitu vatni og raforku. Hvort tveggja er samt af skornum skammti og

við þurfum að breyta þessari hugsun,” segir Alma Dagbjört.

„Í náinni framtíð þurfum við að horfa meira til þess hvernig við nýtum orkuna okkar og hanna byggingarnar okkar með orkusparnað, umhverfismál og innivist að leiðarljósi. Allt mun þetta skila sér í bættri innivist fyrir notendur húsnæðanna ásamt því að minnka umhverfisáhrifin frá byggingariðnaðinum sem eru þættir sem við horfum mikið til í okkar starfi hér hjá Mannviti. Allt miðar þetta að því sama, þ.e. að bæta byggingar og gera betur í framtíðinni á þessu sviði en við gerum í dag. Það er kjarninn í því sem við gerum frá degi til dags,” segir Alma Dagbjört.

mannvit.is



SÓLSKÁLAR SEM LENGJA SUMARIÐ



GLUGGAR & GARÐHÚS

Lyngás 20
210 Garðabær
sala@solskalar.is

solskalar.is



■ Úthlutun verkefnastyrkja úr Aski – mannvirkjarannsóknasjóði fyrir árið 2022 þegar styrkt voru 39 verkefni. Sigurður Jóhannsson, innviðaráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, afhentu styrkina og eru hér með fulltrúum styrkþega.

Askur - mannvirkjarannsóknasjóður

Áhugaverð rannsóknarverkefni í mannvirkjagerð



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023

Í veglegum bás Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll eru kynnt verkefni sem hlotið hafa styrk Asks – mannvirkjarannsóknasjóðs en HMS hefur umsjón með rekstri hans. Tvisvar hefur verið úthlutað úr sjóðnum, árin 2021 og 2022, og verður nú í september auglýst eftir umsókn-um fyrir árið 2023.

Stuðlað að nýsköpun og aukinni þekkingu í mannvirkjagerð

Markmiðið með þeim verkefnastyrkjum sem Askur - mannvirkjarannsóknasjóður úthlutar er að auka þekkingu og stuðla að umbótum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar á Íslandi. Áherslur sjóðsins snúa að áskorunum sem byggingariðnaðurinn stendur frammi fyrir, svo sem raka-skemmdum í mannvirkjum og aðgerðum til að lækka kolefnisspor.

Hrafnhildur Sif Hrafnadóttir, verkefnastjóri Asks – mannvirkjarannsóknasjóðs hjá HMS, segir að byggingariðnaðurinn standi á tímamótum hvað varðar vistvæn- ar áherslur.

„Hringrásarhagkerfið, endurnýting byggingarefna, notkun á vistvænum efnum og þær áherslur að finna leiðir til að vinna með efni í nærumhverfinu, koma sterkt fram í verkefnum Asksins sem eru sýnd á Iðnaðarsýningunni. Askur er ekki bara sjóður, hann er samfélag sem kemur

saman og fundar um áskoranir og tækifæri í iðnaðinum. Í gegnum samfélag Asksins hittist fólk og miðlar af reynslu sinni, finnur nýja fleti og nær enn lengra í rannsókn-um sínum og nýsköpun,“ segir Hrafnhildur Sif.

„Umhverfisvænt að vanda til verka“

Hrafnhildur Sif segir að hæfasta vísindafólk landsins í mannvirkjarannsókn-um komi að verkefnum hjá Aski. Verkefni í Aski flýti fyrir innleiðingu þeirrar vegferðar sem lögð hafi verið í Vegvísi um vistvæna mannvirkjagerð, sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins.

„Styrkhafar hafa lagt áherslu á að þetta form, sérstakur sjóður fyrir tiltekinn iðnað, er mikilvægt tæki til að ná nauðsynlegu sam- tali, samvirkni og framförum í málaflokknum,“ segir Hrafnhildur Sif og leggur áherslu á að hugur og hjarta fylgi þessari vinnu og að norræn ríki hafi metnaðarfull markmið um að Norðurlöndin verði fremst meðal þjóða í sam- þættri vistvænni mannvirkjagerð.

„Allar umsóknir Asks hafa græna skírskotun og jafnvel þó að vistvæn vegferð sé ekki það fyrsta sem kemur í hugann hvað varðar rannsóknir á raka- og myglu í mannvirkjum þá hefur hollusta húsnæðis risastóra græna skírskotun. Niðurrif bygginga og stórtækar endurbætur geta skapað vandamál og gert slík hús ein þau óumhverfisvæn-ustu sem hægt er að byggja. Það er umhverfisvænt að vanda til verka og byggja með varanleika að leiðarljósi,“ segir Hrafnhildur Sif og hvetur gesti Iðnaðarsýn-



■ Hrafnhildur Sif Hrafnadóttir, verkefnastjóri Asks – mannvirkjarannsóknasjóðs hjá HMS.



■ Rúststeinar er dæmi um verkefni sem Askur hefur styrkt. Hér verður til afurð úr steinsteypu úr byggingum sem hafa verið rifnar niður.

ingarinnar, almenna gesti sem fagaðila, til að kynna sér áhuga- verð verkefni styrkhafa Asks, rannsóknir þeirra og áhugaverða nýsköpun.

Fjölbreytt og áhugaverð verkefni

Sem fyrr segir hefur Askur – mannvirkjarannsóknasjóður úthlutað styrkjum í tvígang, fyrir árin 2021 og 2022. Styrkfjárhæð nam 95 milljónum króna á hvoru ári og voru 23 verkefni styrkt á árinu 2021 og 39 verkefni árið 2022.

Sýningargestir á Iðnaðarsýningunni geta kynnt sér dæmi um þessi verkefni:

Narfi Þorsteinsson, hönnuður

sýnir verkefni sitt Rúststeinar sem felst í rannsóknum á steypu úr byggingum sem eru rífnar niður.

Biobuilding er rannsókn- og þróunarverkefni á hampi sem byggingarefni í hús en hampur er vistvænt efni sem hægt er að rækta hérlendis.

Eyþór Rafn Þórhallsson, dósent hjá Háskólanum í Reykjavík, vinnur að rannsóknum á Bláþræði sem er efni sem getur leyst steypustyrktarjárn af hólmi og er mun umhverfisvænna en járníð.

Hann sýnir einnig rannsókn á krosslímdum timbureiningum. Gústaf Adolf Hermannsson, verkfræðingur, sýnir sömuleiðis efnisprufur úr rannsókni á krosslímdum timbureiningum sem hann framkvæmdi í tengslum við M.Sc. lokaritgerð í byggingareðlisfræði frá Build deildinni [SBI] í Álaborgarháskólanum í Danmörku.

Nokkrir rannsóknarhópar hjá Aski vinna að tilraunum og rannsóknum á íblöndunarefnum í steypu sem miða að því að gera hana enn umhverfisvænna. Kristján Friðrik Alexandersson og Sigríður Ósk Bjarnadóttir verkfræðingar munu ásamt Tæknisetrunu gefa innsýn í rannsóknaraðferðir steyputeymanna.

Anna María Bogadóttir, arkitekt og menningarfræðingur sem er styrkhafi hjá Aski í verkefninu Híbýlaauður mun sýna klippu úr mynd sinni Jarðsetning.

Kristín Sigurðardóttir hönnuður og hönnuðir Stúdíó Flétu mun sýna nýtingu umframefna frá framleiðslu steinullar á Íslandi.

Arnhildur Pálmadóttir, arkitekt



■ Askur styrkti þróunarverkefnið Biobuilding þar sem hampur, ræktaður á Íslandi, er notaður sem byggingarefni í hús. Hér er útveggur úr íslenskum hampi.

hjá Lendager á Íslandi sýnir hönnun með hringrásarhugsun að leiðarljósi en hún tekur þátt í þremur verkefna Asks.

Jóhannes Loftsson, verkfræð-

ingur sýnir uppfinningu á afar nettu loftræstikerfi sem sparar orku og rými og Cubit Building Company, félag Aðalsteins Snorrasonar arkitekts og Gauts



■ Bláþræður er efni úr basalttréfum sem getur komið í stað bendistáls í mannvirkjagerð og er bæði vistvænna efni og léttara, sem gerir það auðveldara í vinnslu. Togstyrkur efnisins er gríðarlegur en fjaðurstuðull þess er hins vegar lægri en bendistáls og þarf að taka tillit til þess í hönnun mannvirkis. Rannsóknir á Bláþræði eru gerðar hjá Háskólanum í Reykjavík.

Þorsteinssonar byggingarverkfræðings sýnir byggingareiningar sem hægt er að setja saman og taka í sundur.

Öll lúta þessi verkefni að efl-

ingu hringrásar og vistvænna lausna í byggingariðnaði.

hms.is
hms.is/askur

Yfir 20 ára reynsla og þekking!

Hagnýtt verkfæri fyrir fasteignaeigendur

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík - Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

Talstöðvar eru ómissandi fjar-skiptatæki



„Þrátt fyrir að farsímminn hafi orðið allsráðandi í fjarskiptum á undanföllum árum þá halda talstöðvar enn fullu gildi og eru í reynd algjörlega ómissandi fjarskiptatæki víða í atvinnulífinu og hjá t.d. björgunarsveitum,“ segir Ásgeir Örn Rúnarsson, sölustjóri hjá Friðriki A. Jónssyni ehf. en FAJ og Marás ehf. eru með sameiginlegan bás á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Þar kynni Marás brunadælur og utanborðsmótora en FAJ leggur áherslu á fjarskiptabúnaðinn.

ICOM talstöðvar fyrir fjölbreytta notkun

„Við bjóðum talstöðvar fyrir alls kyns notkun; skip og báta, björgunarsveitir, sveitarfélög, verktaka og vinnustaði,“ segir Ásgeir Örn en FAJ er umboðsaðili fyrir ICOM sem framleiðir breiða vörulínu á þessu sviði fjarskipta.

„Þeir framleiða talstöðvar fyrir notkun á landi og sjó sem bæði eru VHF og UHF. Því til viðbótar eru stöðvar sem geta nýtt sér 3G

og 4G gagnasamband sem þýðir að þær nota farsímakerfið til samskipta. Síðan eru til IP talstöðvar frá ICOM sem nota WiFi kerfi og þær henta t.d. í skipum með staðarnet eða innan fyrirtækis. Einfaldasta mynd af talstöðvum er það sem allir þekka, þ.e. að tala milli tveggja stöðva þar sem ýtt er á takka til að tala og honum sleppt til að hlusta. Hins vegar býður tæknin í talstöðvum í dag upp á möguleika á samskiptum milli fleiri stöðva og jafnvel raddstýrð og opin samskipti líkt og margir séu að tala saman í gegnum síma, þ.e. samtímasamskipti í báðar áttir. Sveigjanleiki í þessari tækni er því mikill í dag,“ segir Ásgeir Örn.

Leysa margt sem farsími getur ekki

Farsími mun ekki leysa talstöðvar af hólmi, hvað sem tækniþróuninni líður. Þó notkunarsviðin séu skyld þá eru þau ólík.

„Með talstöðvum er t.d. hægt að kalla í stóran hóp, kalla sérstaklega í hluta hóps eða í einn einstakan starfsmann. Nokkuð sem farsímar geta ekki. Talstöðvarnar hafa það líka umfram að vera mun vatnsheldari og sterkari búnaður og því hentugri við krefjandi aðstæður,“ segir Ásgeir Örn.

Aðspurður segir hann kaupendahóp talstöðva hjá FAJ bæði stóran og fjölbreyttan.

„Björgunarsveitir nota talstöðvar frá okkur, sundlaugar, byggingaverktakar, fyrirtæki sem skipuleggja útkeyrslu og nota talstöðvar til samskipta milli útkeyrslutækja og lagers, við erum með talstöðvar til samskipta innan vinnusvæða og loks erum við með talstöðvar fyrir flugvélar og flugrekstraraðila. Svo nokkur dæmi séu nefnd. Og ekki má svo gleyma áhugamönnum um fjarskipti sem er talsvert stór hópur,“ segir Ásgeir Örn og bætir við að fyrir öll þessi svið og fleiri til hafi FAJ talstöðvarlausnir frá Icom.

„Allt þetta munum við sýna á Iðnaðarsýningunni og bjóðum sýningargesti velkomna til okkar.“

faj.is
maras.is



■ Ásgeir Örn Rúnarsson, sölustjóri hjá FAJ, með ICOM talstöð.

Átta ný fyrirtæki ganga í SÍK

Átta kvikmyndaframleiðendur hafa gengið til liðs við Samband íslenskra kvikmyndaframleið-



■ Á myndinni eru, talið frá vinstri, Anton Máni Svansson hjá Join Motion Pictures og formaður SÍK, Agnes Johansen hjá RVK Studios, Baltasar Kormákur hjá RVK Studios, Lilja Björk Guðmundsdóttir hjá SI og Sigurður Hannesson hjá SI.

Mynd/BIG

enda, SÍK, sem ber vott um þá miklu grósku sem er í íslensku kvikmyndagerð. Eftir inngöngu þeirra eru því nú 39 fyrirtæki aðilar að SÍK. Á fundinum var því jafnframt fagnað að 10 ár eru liðin frá aðild SÍK að Samtökum iðnaðarins og var af því tilefni undirritað nýtt samkomulag SÍK og SI.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI: „Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með íslenskum kvikmyndaíðnaði vaxa og dafna á undanföllum árum. Samstarf og samvinna Samtaka iðnaðarins og SÍK hefur gengið vel á síðastliðnum áratug og fögnum við því að fá inn enn fleiri

félagsmenn í kvikmyndaíðnaði á þessum tímamótum þegar áratugur er liðinn frá aðild SÍK að SI.“

Anton Máni Svansson, formaður SÍK: „Samstarf okkar og SI verður sterkara með hverju árinu. Ég er spenntur fyrir áframhaldandi uppbyggingu atvinnugreinar okkar í samvinnu við samtökin. Fram undan er fjöldinn allur af mikilvægum og krefjandi verkefnum sem ég er bjartsýnn á að við munum leysa vel af hendi þar sem samstaða kvikmyndaframleiðenda hefur sjaldan verið jafn sterk og nú.“

si.is

MEST SELDI SKOTBÓMULYFTARINN Á ÍSLANDI!



ÍSLYFT NÝR UMBOÐSAÐILI FYRIR MANITOU Á ÍSLANDI

VESTURVÖR 32a | 200 KÓPAVOGI
SÍMI 564 1600 | ISLYFT@ISLYFT.IS | ISLYFT.IS

Islyft ehf

Gamli sjúkrakassinn upp í nýjan!



Landsbjörg tekur þátt í Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll og í tilefni af henni býðst að setja gamla sjúkrakassann upp í nýjan – óháð ástandi, gerð og innihaldi þess gamla. Landsbjörg undirstríkar að mikilvægi vel útbúins sjúkrakassa verði seint ofmetið enda geti rétt viðbrögð í kjölfar óhappa stýtt verulega endurkomu þess sem verður fyrir óhappi til vinnu á ný. Því sé mikilvægt að hafa aðgang að góðum sjúkrakassa á vinnustöðum sem búinn sé þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að veita fyrstu hjálp.

Vandaðar sjúkravörur og fyrirtækjaheimsóknir

Starfsfólk sjúkravörupjónustu Landsbjargar býr yfir áralangri reynslu í að meta þörf fyrir sjúkrakassa, stærð og innihald hans. Vöruúrval Landsbjargar á þessu sviði hefur þróast í gegnum árin með gæði að leiðarljósi og því er hægt að treysta að sjúkravaran í kössunum er sérvalin af



■ Vel búinn sjúkrakassi getur skipt sköpum í fyrstu viðbrögðum á vinnustöðum ef óhapp verður.

fólki með fagþekkingu á þessu sviði.

Til fjölda ára hefur Slysavarna-

félagið Landsbjörg státað af miklu úrvali af hágæða sjúkravörum og boðið reglulegar heim-

sóknir til fyrirtækja og stofnana í þeim tilgangi að tryggja að sjúkrakassi á vinnustað sé vel bú-

inn ef og þegar slys ber að höndum. Í slíkum heimsóknum fara þjónustufulltrúar Landsbjargar yfir innihald sjúkrakassans á staðnum og veita ráðleggingar varðandi þær vörur sem mikilvægar eru til að veita fyrstu hjálp og taka mið af þeim óhöppum sem líkleg eru í því vinnuumhverfi þar sem sjúkrakassinn er.

Allt í boði í vefverslun

Á sama hátt er mikilvægt fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga að geta brugðist rétt við ef þeir lenda í slysi eða óhappi. Einyrkjum sem vinna út frá eigin vinnubíl og eru mikið á ferðinni stendur til boða að panta úr vefverslun Landsbjargar eða líta við og fá ráðleggingar varðandi sjúkrakassann.

Það getur því margþegað sig að heimsækja bás Landsbjargar á Iðnaðarsýningunni eða kíkja inn á vefverslun Landsbjargar og uppfæra sjúkrakassann.

landsbjorg.is



Þjónusta HD við orku- og umhverfisiðnað

Hluti af þjónustustigi og hæfni HD

- Kerfishönnun og verkefnastjórnun
- Þrívíddarskönnun og bakvirk hönnun
- Hönnun og smíði varahluta
- Sala,viðgerðir og uppsetning á dælum
- Gufuhverfla upptektir og viðgerðir
- Rafalaviðgerðir og eftirlit
- Endurbygging á túrbínu rótorum
- Heildar uppbygging orkuvera og verksmíðja



Önnur þjónusta HD

Öll almenn stálsmíði • Renniverkstæði • Ryðfrítt stál • Plast lagnir
Ryðfríar lagnir • Skaðlausar prófanir • Vökvatjakkar • lofttjakkar
Ástandsgreining vélbúnaðar • Uppsetning vélbúnaðar
Uppsetning stálmannvirkja • Hönnunarþjónusta

www.hd.is

Öruggari flutningar og geymsla eldsneytis

„Kröfur um flutning og geymslu á eldsneyti eru að aukast og með þeim lausnum frá FuelProof sem við bjóðum erum við að mæta þeim og auka öryggi,“ segir Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Vinnuvéla & Ásafls í Mosfellsbæ. Fyrirtækið býður fjölbætta þjónustu fyrir landbúnað, sjávarútveg og verktakastarfsemi og kynnir bæði þjónustu sína og sér í lagi nýju eldsneytisflutningalausnirnar á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll.

Víða þörf fyrir eldsneytisgeymslur

Geymslurnar frá FuelProof eru færanlegar og til í mörgum stærðum og útfærslum, eftir því sem hentar viðskiptavinum. Finnbogi segir fjölbreyttan hóp þurfa á því að halda að flytja og geyma eldsneyti, t.d. jarðverktaka sem eru með tækjafloata í verkefnum fjarri byggð og þjónustu. Víða þurfi líka að keyra dieselrafstöðvar til rafmagnsframleiðslu á svæðum þar sem ekki eru raforkutengingar í boði og eins er algengt að færanlegar eldsneytisgeymslur séu á flugvöllum.

„Í tilfellum sem þessum getur þurft að flytja og geyma umtalsvert magn af eldsneyti og hingað til hafa menn oft leyst slíkt með t.d. kerrum sem ekki eru löglegar í umferðinni. Auk heldur hafa verið brögð að því að eldsneyti hafi verið tekið ófrjálsri hendi úr svona flutningakerrum, öllum til ama og tjóns, en þær lausnir sem við bjóðum eru bæði samþykktar til flutnings og geymslu á eldsneyti og sömuleiðis þannig útfærðar að nær ómögulegt er að stela eldsneyti úr tónkunum,“ segir Finnbogi.

Stórar sem smáar eldsneytisgeymslur

Hann segir allar reglur þróast í þá átt að auka öryggi í eldsneytisflutningum í umferðinni og draga jafnframt úr hættu á að umhverfisslys verði vegna flutninga eldsneytis með ófullnægjandi flutningabúnaði.

„Til dæmis eru allar okkar



■ Finnbogi Magnússon og Baldur Þórarinsson, eigendur Vinnuvéla & Ásafls, fyrir framan eldsneytisflutningakerru sem fyrirtækið hefur að bjóða.

geymslur með tvöfalt byrði, einmitt í þeim tilgangi að draga úr hættu á að eldsneyti leki út í jarðveg ef óhapp verður. Við bjóðum lausnir fyrir hvort heldur er flutning og geymslu á 500 eða 50.000 lítrum,“ segir Finnbogi.

Koma víða við sögu í þjónustu við atvinnulífið

Fyrirtækið Vinnuvélar & Ásafl hefur vaxið umtalsvert á síðustu árum.

„Við erum í mikilli þjónustu við verktaka, sveitarfélög og sjávarútveg með ýmiskonar vélbúnað og dælur. Auk þess erum við í ýmiskonar sérlausnum fyrir land-

búnaðinn og má þar nefna að við bjóðum vélbúnað og ráðgjöf varðandi nýtingu á lífrænum úrgangi.

Ört vaxandi þáttur í starfsemi okkar er innflutningur notaðra véla og tækja fyrir viðskiptavinum okkar en þar stefnir í að við flytjum inn á bilinu 50-60 notuð tæki á þessu ári.

Við komum því víða við sögu og notum tækifærið á Iðnaðarsýningunni til að kynna fyrir hvað við stöndum í þjónustu í atvinnulífinu,“ segir Finnbogi.

vinnuvelarehf.is

Ráðstefna á Iðnaðarsýningunni um hringrásarhagkerfi í byggingum

Líkt og fram kemur hér í blaðinu er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun með stóran bás á Iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll þar sem gestum gefst m.a. tækifæri til að kynna verkefnum sem Askur mannvirkjarannsóknasjóður hefur styrkt síðastliðin tvö ár. En það er fleira mjög áhugavert sem HMS og styrkhafar Asks bjóða uppá á sýningar-svæðinu því þeir eru einnig í samstarfi við Grænni byggð (GB) um ráðstefnu á sýningunni föstudaginn 1. september kl.

09:30 - 15:30 þar sem fjallað verður um CIRCON hringrásarverkefnið.

CIRCON verkefnið snýr að hringrásarhagkerfinu í byggingum og vistvænni hönnun hringrásarbygginga. Katarzyna Jagodzińska stýrir verkefninu fyrir hönd Grænni byggðar og hún mun kynna niðurstöður þess í erindi sínu á ráðstefnunni. Tveir pólskir samstarfsaðilar eru að verkefninu, systursamtök Grænni byggðar í Póllandi, Polish Green Building Council og Sílesíski



■ Samvinna er milli Circon verkefnisins og Grænnar byggðar og standa þau saman að ráðstefnunni á Iðnaðarsýningunni. Fjölmörg áhugaverð erindi verða þar flutt.

Tækniháskólinn. CIRCON verkefnið nýtur góðs af 361.422 evra styrkjum frá Íslandi, Liechten-

stein og Noregi í gegnum EES styrki og samfjármögnun með ríkisstyrkjum Póllands.

Á ráðstefnunni munu nokkrir styrkhafa Asks einnig miðla upplýsingum um rannsóknarverkefni sín hjá Ask. Þátttakendur í ráðstefnunni munu fá boðsmíða á Iðnaðarsýninguna. Hægt er að skrá þátttöku í ráðstefnunni á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

hms.is

HJÁ ÍSRÖR FÆRÐU INNTAKSPÉTTI FRÁ KRASO[®] EINFACH+DICHT



NÝTT

INNTAKSPÉTTI FYRIR
KJARNABORÐ OG RÖR

VERK UNNIÐ Á ÍSLANDI INNTAKSPÉTTI
OPIN OG SETT EFTIRÁ

FJÖLPÉTTI
FYRIR STRENGI.


INNTAKSPÉTTI FYRIR BROTIN
EÐA ÓREGLELEG GÖT

NÝ GERÐ HITAVEITURÖRA HJÁ ÍSRÖR FIBREFLEX 10 BAR OG 16 BAR

- FIBREFLEX RÖR FÁST Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- MEIRA HITAPÓL, VINNSLUHITI UPP Í 95°
- FIBREFLEX NÚ FÁANLEGT Í RÚLLUM 25 – 160 MM
- PE KÁPA RIFFLUÐ

RK Radius - Kelit
Infrastructure


FIBREFLEX PIPE
CONSTRUCTION



NÝTT

HRINGHELLA 12 | 221 HAFNAFJÖRÐUR | SÍMI 565 1489
FARSÍMI 894 5955 | ISROR@ISROR.IS | WWW.ISROR.IS

ÍSRÖR



■ Stálbiti að koma úr sjóðheitu zinkbaðinu.



■ Ferro Zink framleiðir fjölbreyttar stálvörur og er framleiðsla á ljósastaurum sú vara sem fylgt hefur fyrirtækinu hvað lengst.

Ferro Zink í stóru hlutverki á stáliðnaðarsviðinu



„Ferro Zink byggir í dag á fjórum meginstoðum, þ.e. zinkhúðun, stálinnflutningi og stálsölu, framleiðslu og verslun. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið mikill á undanförunum árum á öllum þessum sviðum og velta aukist umtalsvert,“ segir Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Ferro Zink sem kynnir fjölpætta starfsemi sína á iðnaðarsýningunni í Laugardalshöll. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Akureyri og starfsstöð í Hafnarfirði þar sem m.a. er aðal stállager þess.

Yfir 60 ára saga

Ferro Zink ehf. byggir á grunni fyrirtækisins Sandblásturs og málmhúðunar sem stofnað var á Akureyri árið 1960. Líkt og nafnið bendir til snerust verkefni þess um sandblástur og zinkhúðun en með tíð og tíma þróaðist fyrirtækið og eflidist í eigin vöruframleiðslu og síðar innflutningi á stáli. Árið 2008 voru móðurfélagið Sandblástur og málmhúðun og dótturfélagið Ferro Zink ehf. sameinuð undir merki þess síðarnefnda og hefur starfsemi eflast enn frekar á þeim árum sem síðan eru liðin.

Starfsmenn Ferro Zink á Akureyri eru um 40 og er húsnæði þess við Árstíg um 3.500 fermetrar að stærð. Í Hafnarfirði eru 25 starfsmenn í 2.500 fermetra húsnæði.

Áratuga reynsla í ljósastauraframleiðslu

Strax árið 1965 hóf Sandblástur og málmhúðun framleiðslu á ljósastaurum og enn þann dag í dag er ljósastauraframleiðslan meðal fastra verkefna fyrirtækisins. „Þegar fólk sér ljósastaura eða ljósamóstur hér á landi þá eru yfirgnæfandi líkur á að þessar vörur komi frá okkur. En auk eigin framleiðslu tökumst við á hendur mjög fjölbreytt framleiðsluverkefni fyrir viðskiptavinum, bæði stór og smá,“ segir Magnús.

Heithúðun eða galvanisering eins og gjarnan er talað um, má segja að sé hjartað í starfsemi Ferro Zink á Akureyri og hefur verið frá upphafi. Á þessu sviði hefur fyrirtækið algjöra sérstöðu hér á landi.

„Hér húðum við bæði eigin framleiðsluvörur og að auki vörur fyrir aðila í stáliðnaði, einstaklinga og verktaka almennt. Tilkoma heithúðunarverksmiðjunnar okkar árið 1972 var stórvirki í iðnaði á Íslandi á þeim tíma en það er algjörlega nauðsynlegt fyrir íslenskan stáliðnað að til sé öflug zinkhúðun í landinu,“ segir Magnús en auk heithúðunarinnar á Akureyri rekur Ferro Zink einnig húðun í Hafnarfirði.



■ Starfsmenn heithúða í zinkhúðunarverksmiðjunni.

Húða 2000 tonn af stáli á ári

Sem dæmi um stór verkefni í stáliðnaði sem Ferro Zink kemur að nefnir Magnús snjóflóðavarnir sem er verið að setja upp ofan Siglufjarðar. Grindurnar sjálfar eru framleiddar af ítölsku/austurrísku fyrirtæki og síðan sendar til Akureyrar þar sem þær eru heithúðaðar, starfsmenn Ferro Zink smíða festingar og annað sem til þarf og síðan fer búnaðurinn til samsetningar og uppsetningar á Siglufirði.

„Í þessu verkefni fara í gegnum húðun hjá okkur um 400 tonn af stáli á ári en í heild húðum við allt að 2000 tonn árlega þannig að umfangið í húðuninni er mikið. Og sýnir um leið hversu mikilvægur þáttur þessi starfsemi er fyrir stáliðnaðinn,“ segir Magnús.

Verslunin vaxandi

Auk þess að selja smíðastál flytur Ferro Zink inn stálvöru, t.d. sérsníðaða skrautstaura sem meðal annars má sjá við Hörpu í Reykjavík. „Margir tengja okkur líka við þvottasúrunar sem við höfum framleitt í áratugi og eru „heimsfrægar“ hér á landi. Við komum því mjög víða við í þjónustu við atvinnulífið og einstaklinga,“ segir Magnús.

Á Akureyri og í Hafnarfirði rekur fyrirtækið verslanir með rekstrarvörur fyrir iðnfyrirtæki, vinnufatnað, verkfæri og margt fleira. Af vaxandi vöruflökkum smásölunni má nefna vörur frá Essve, bæði skrúfur og kerfi til pallasmiði. „Á sýningunni í Laugardalshöll komum við einmitt til með að kynna þær vörur sem við erum með í verslunum okkar og gefa gestum innsýn í okkar fjölbreyttu starfsemi hjá Ferro Zink,“ segir Magnús.

ferrozink.is



■ Magnús Jónsson, framkvæmdastjóri Ferro Zink ehf.




■ Sandblástur og málmhúðun hóf starfsemi á Akureyri árið 1960 og spannar saga Ferro Zink því 63 ár.

Umhverfisvænar byggingarlausnir



Krosslímt timbur - Forsmíðuð baðherbergi - Klæðningar - Gluggar



Element ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisvænum lausnum fyrir íslenskan byggingariðnað.

Meðal samstarfsaðila Element er austurríska fyrirtækið KLH Massivholz GmbH sem er brautryðjandi í framleiðslu og þróun á krosslímdu timbri til húsbýgginga.

Element er í samstarfi við danska fyrirtækið GreenBox sem er framleiðandi á forsmíðuðum baðherbergiseiningum. Forsmíðuð baðherbergi eru að verða sífellt algengari og hafa í för með sér mikla hagræðingu í stærri byggingarverkefnum.

Element útvegar einnig önnur byggingarefni, s.s. glugga, hurðir og klæðningar.

Í gegnum fjölbreytt verkefni höfum við aflað okkur mikillar sérþekkingar og reynslu sem nýtist viðskiptavinum okkar. Við njótum þess að vinna að verkefnum okkar og tökum fagnandi nýjum áskorunum.

element.is



Kennsla eflid í tölvuleikjaiðnaði

Fulltrúar Samtaka leikjaframleiðenda, IGI, og Menntaskólans á Ásbrú, MÁ, undirrituðu í sumar samstarfssamning í því skyni að efla samstarf á milli atvinnulífs og menntastofnana í tölvuleikjagerð. Tilgangur samningsins er að styrkja núverandi samstarf milli tölvuleikjaiðnaðarins á Íslandi og Menntaskólans á Ásbrú sem býður nemendum að stunda nám við tölvuleikjagerð. Samkvæmt samningnum tekur IGI að sér að bjóða fram fræðslu og aðra aðstoð sem eflir þekkingu nemenda í tölvuleikjagerð og kynnir nemendum starfsumhverfi tölvuleikjaiðnaðar. Þannig styrkir samningurinn brú milli atvinnulífs og menntunar.

Borgeir Frímánn Óðinsson, formaður Samtaka leikjaframleiðenda segir m.a. í tilkynningu að mikil vaxtartækifæri séu fyrir hendi í iðnaðinum en forsendan fyrir því að þau tækifæri raungerist er aukið framboð af hæfu starfsfólki. „Þar kemur tölvuleikjabraut Menntaskólans á Ásbrú sterk inn og það er gaman að sjá hversu vel hefur tekist til með námsbrautina. Við vonum að sem flestir nemendur sem hafa áhuga á leikjaiðnaði kynni sér námið en ég þekki það af eigin reynslu hversu skapandi störf eru í leikjaiðnaði og hversu mörg spennandi



■ Frá undirritun samstarfssamnings milli Samtaka leikjaframleiðenda og Menntaskólans á Ásbrú. Á myndinni eru Ingigerður Sæmundsdóttir, forstöðumaður Menntaskólans á Ásbrú og Borgeir Frímánn Óðinsson, formaður Samtaka leikjaframleiðenda.

Ljósmynd: BÍG.

tækifæri standa áhugasömum til boða.“

Ingigerður Sæmundsdóttir, forstöðumaður Menntaskólans á Ásbrú segir að skólinn hafi boðið upp á nám í tölvuleikjagerð síðan

haustið 2018. „Við leggjum, auk hefðbundinna námsgreina, sérstaka áherslu á sköpun, hugmyndauðgi, forritun og verkefnastjórn, auk þess sem nemendur læra að fylgja eftir þróun tölvu-

leiks frá hugmynd að veruleika. Þetta býr nemendur undir störf framtíðarinnar sem breytist á ógnarhraða. Stjórnendur MÁ hafa alltaf lagt áherslu á að kennsla sé í sambandi við atvinnulífið en

þessi samstarfssamningur styrkir þá brú til muna og er mikill fengur fyrir skólann.“

si.is

 **MARÁS**

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111

 **FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.**

 **TOHATSU**

Úrval af Tohatsu utanborðsmótörum frá Japan



Léttar og meðfærilegar brunadælar frá Tohatsu



Vandaðar talstöðvar frá ICOM fyrir atvinnurekstur



Fagleg ráðgjöf og viðurkenndur búnaður fyrir iðnað og annan atvinnurekstur.

HÖFUM ÞJÓNUSTAÐ ÍSLENSKAN IÐNAÐ Í MEIRA EN 60 ÁR



ÁLFHELLU 12-14
HAFNARFIRÐI
SÍMI 533 5700

ÁRSTÍG 6
AKUREYRI
SÍMI 460 1500

FERROZINK@FERROZINK.IS
FERROZINK.IS

SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN
FERROZINK

Mörg járn í eldinum hjá Landsneti

Óhætt er að segja að mikið sé um að vera í framkvæmdaverkefnum Landsnets í sumar og yfirstandandi verkefni víða um land.

Samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins er unnið að uppsteypu nýs tengivirkishúss á Njarðvíkurheiði og verður búnaður settur upp í virkinu nú í haust. Í sumar hafa verið reist móstur í nýrri loftlínu, Reykjaneslínu 1, sem liggur frá virkinu á Njarðvíkurheiði að tengivirki á Rauðamel og jafnframt verður lokið nú í sumar við framkvæmdir við nýjan jarðstreng milli Njarðvíkurheiðar og Fitja. Á Fitjum er nýhafin stækkun á virkinu með uppsetningu nýs búnaðar.

Vinna hefur staðið í sumar við nýtt tengivirki við Korpu við Korputorg í Reykjavík og stefnt er að því að taka virkið í rekstur í kringum áramót. Einnig er unnið að byggingu nýrra tengivirkja á Vegamótum á Snæfellsnesi og á Breiðadal við Önundarfjörð. Uppsetning búnaðar í þessum tengivirkjum hefst í vetur og verða virkin spennusest í á nýju ári.

Kolviðarhólslína 1, sem liggur á milli tengivirkisins Kolviðarhóls á Hellisheiði og Geitháls á Hólmsheiði, hefur verið endurnýjuð í sumar og fram á haust en skipt er um undirstöður og móstur í stærstum hluta línunnar og nýr leiðari tengdur.



■ Sem fyrr er jafnan mikið að gera í framkvæmdaverkefnum Landsnets nú yfir sumarmánuðina.

Mynd: Landsnet

Loks er að nefna undirbúningsframkvæmdir fyrir lagningu jarðstrengja milli Hellu og Rima-

kots á Suðurlandi annars vegar og Akureyrar og Dalvíkur sem unnið hefur verið að í sumar en

auk þess er unnið að lagningu nýs jarðstengs frá Þeistareykjum sem tengist inn í Kópaskerslínu 1.

Jafnframt verður virkið á Þeistareykjum stækkað.

ELDSNEYTISGEYMSLUR

Mikið úrval staðbundinna og færanlegra eldsneytisgeymslna frá Fuelproof sem uppfylla skilyrði um geymslu og flutning eldsneytis



Fuel Proof

**VINNUVÉLAR
& ÁSAFL**

Völuteig 4 - 270 Mosfellsbær - Iceland - www.vinnuvelarehf.is - S: 496 4400

STERKARI SAMAN TIL SJÓS OG LANDS

Við erum á sýningarbás B5 á Iðnaðarsýningunni
í Laugardalshöll 31. ágúst til 2. september.



AFLHLUTIR

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

VHE
HUGVIT Í VERKI



Olíur og smurefni fyrir öll svið atvinnulífsins



**IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023**

Í bás Voot og Hampiðjunnar á Iðnaðarsýningunni kynnr Voot vörur frá hollenska fyrirtækinu Matrix Specialty Lubricant en um er að ræða glussa, olíur og ýmis smurefni, meðal annars fyrir matvælaíðnað. Vörurnar eru samþykktar til notkunar í matvælaframleiðslu en slíkar vottanir eru lykilatriði í kröfuhöfu umhverfi matvælaíðnaðar.

Foodmax fyrir matvælaíðnaðinn
Þórarinn Arnarson, sölufulltrúi olíu og smurefna hjá Voot, segir Matrix framleiðandann leggja áherslu á að bjóða upp á hágæða vörur sem þróaðar séu með nýjustu tækni að leiðarljósi. Matrix sé stöðugt í vörubrúun og í boði eru margar gerðir af smurefnum og olíum, sérþróðum fyrir mismunandi notkunarvið í atvinnulífinu.

Fyrir matvælaíðnaðinn er hin öfluga Foodmax vörulína þar sem er að finna úrval vökva, smurefna og feiti til notkunar þar sem þörf er á smurefni í matvælavinnslu. Þessar vörur hafa fengið viðurkenningu og vottanir til notkunar sem slíkar.

Sérhæfð efni fyrir mismunandi notkunarvið

Fyrir almennan iðnað eru í boði sérhæfð

smurefni fyrir keðjur, gírolíur, olíur fyrir spennubreyta og fleiri vörur. Allar vörurnar skila enn meiri afköstum og stuðla að minni viðhaldskostnaði. Sama er að segja um smurfeiti og þykk smurefni og enn fremur segir Þórarinn að í vörulínu Matrix sé að finna nýjustu gerðir af uppleysanlegum málvinnsluvökva, óþynntum olíum og vörum fyrir kalda og heita járnsmíði, snöggkælingu, mótun og stimplun.

Loks má nefna fjölbreytt úrval efna fyrir loft- og kæliþjoppur sem auka endingu og minnka viðhaldskostnað ásamt því að auka afköst. Í vöruflokknum eru bæði steinefna-smurefni og syntetísk smurefni (vetnis-meðhöndluð, PAO, POE, alkýlbensen, tví-ester, ester, PAG PFPE) sem þola allt að 12.000 klst. á milli olíuskipta.

Lífræn smurefni og hreinsiefni fyrir iðnað
Lífræn smurefni eru líka framleidd hjá Matrix og inniheldur sá vöruflokkur lífbrjótanlegan glussa, gírolíur og önnur smurefni auk úrvals af feiti og losunarefnum fyrir steypumót. Vörurnar í þessum flokki eru öflugar, endingargóðar, lífbrjótanlegar og innihalda lítið af eiturefnum.

Loks er að nefna úrval hreinsiefna fyrir vinnslu- og vinnusvæði, til notkunar í iðnaði sem og matvælavinnslu. Hreinsiefni fyrir matvælaíðnað eru með NSF H-1, C-1 og K-1 vottun.

voot.is

BYKO og Iðan sýna loftþéttleikaprófun húsa



Í bás BYKO á Iðnaðarsýningunni verður tilbúið hús þar sem Iðan fræðslusetur mun sýna gestum hvernig gerð eru svokölluð loftþéttleikapróf á húsum. Kjartan Long, sölustjóri hjá BYKO, segir þessi próf mjög mikilvæg til að koma veg fyrir orkutap og að dragsúgur myndist í húsum og jafnframt til að kalla fram vankanta sem kunna að vera á vind- og rakavörnum.

Loftþéttleikapróf finnur vandamál

„Loftþéttleikapróf eru tilgreind í byggingarreglugerð og séu þau ekki gerð er hætta á ýmsum vandamálum síðar meir; raka-vandamálum, myglu, dragsúg og fleiru. Við skynjum mikinn áhuga bæði almennings og byggingariðnaðarins á að vanda betur til verka í mannvirkjagerð og þess vegna ákváðum við að sýna í samstarfi við Iðuna hvað loftþéttleikapróf geta leitt í ljós,” segir Kjartan en húsið sem notað verður á sýningunni kemur síðan til með að verða námskeiðshús fyrir Iðuna í framkvæmd loftleikaprófa.

„Vakningin í þessum málum er mjög greinileg og við hjá BYKO töldum það vera samfélagslega ábyrgð að leggja lóð á vögarskálarnar og hjálpa til við að auka fagmennsku í byggingariðnaði með þessum



■ Bás BYKO á Iðnaðarsýningunni er í senn sýning og fræðslumiðstöð. Hér eru, frá vinstri, Renzo Passaro, verslunarstjóri timbursölu, Jóna Guðrún Kristinsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni og teymisstjóri á sviði mannaúts og stefnu og Kjartan Long, sölustjóri á fyrirtækjasviði fyrir framan BYKO einingahús, sömu tegundar og sýnt verður í bás fyrirtækisins á sýningunni. Að baki þeim má einnig sjá CLT timbureiningahús sem BYKO selur.

hætti. Þetta er bæði uppfræðsla og endurmenntun sem við erum stolt af að geta stutt,” segir Kjartan.

Auknar kröfur framundan í byggingariðnaði

Kröfur í byggingariðnaði munu aukast í náninni framtíð. Á því leikur enginn vafi að mati Kjartans.

„Við munum til dæmis sjá kröfur í Evrópu um meiri einangrun húsa til að nýta betur orku og þær munu einnig ná til okkar

hér á landi. Fasteignakaupendur munu líka gera meiri kröfur og þannig má áfram telja. Við sjáum mikla þróun á vörum fyrir byggingariðnað, gæði efna hafa aukist verulega sem og þekking á þeim og hvernig á að vinna með þau. Sem þjónustuaðili á byggingamarkaði hefur BYKO átt samstarf við fræðsluaðila á borð við tækniskólana, Iðuna og fleiri til þess einmitt að auka þekkingu og stuðla þannig að réttum vinnubrögðum. Allt er þetta gert til að efla byggingariðnaðinn,” segir Kjartan.

Í bás BYKO verður í samstarfi við Ferdinand Hansen kynnt svokallað slagregnspróf á gluggum en slík próf notar BYKO í sinni gluggaframleiðslu fyrir íslenskan markað.

Loks má nefna að fulltrúar BYKO verða í básnum, einnig ráðgjafar í umhverfissvottun bygginga og einnig verða fulltrúar frá Siger sem er leiðandi í framleiðslu á rakavarnardúkum og þéttilausnum.

byko.is

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavöruslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.

SÆPLAST | Gunnarsbraut 12 | 620 Dalvík | Sími: 460 5000 | www.saeplast.com



Þú lærir líka í vinnunni!

Rætt við Sólveigu Indriðadóttur, náms- og starfsráðgjafa hjá Iðunni fræðslusetri um sóknarfæri í raunfærnimati



Raunfærnimat er þrautreynd aðferð til að meta þekkingu og reynslu af vinnumarkaði til styttingar á námi og til að gera þekkingu sýnilega. Raunfærnimat hefur verið mörgum hvatning til frekari framþróunar í starfi eða áframhaldandi náms. Hjá Iðunni fræðslusetri starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar. Sólveig Indriðadóttir er einn þeirra og segir hér frá þessari leið sem svo margir hafa nýtt sér til að öðlast réttindi á sínu sviði.

Raunfærnimat er aðferð til að meta þekkingu og reynslu

„Það er svo margt sem við lærum í starfi sem kennt er í áföngum í skólakerfinu og það nýtist svo sannarlega í raunfærnimati,“ segir Sólveig og útskýrir nánar að í raunfærnimati séu einstaklingar metnir út frá þeirri þekkingu og reynslu sem þeir hafa úr viðkomandi starfsgrein. „Þátttakendur byrja á því að fylla út sjálfsmatslista sem síðar er hafður til grundvallar í matssamtali við fagaðila úr viðkomandi starfsgrein. Út frá þessu sjálfsmati og samtali við fagaðila kemur niðurstaða sem þátttakendur geta síðan nýtt sér til styttingar á viðkomandi námi.“

Raunfærnimat stendur til boða í mörgum starfsgreinum

Raunfærnimat stendur til boða í fjölmörgum iðn- og starfsgreinum. Sólveig segir þá sem vilja vita hvort þeir eigi möguleika á raunfærnimati geta haft samband við náms- og starfsráðgjafa Iðunnar.

„Þú getur hringt í okkur í síma 590 6400 eða farið inn á heimasíðu Iðunnar www.idan.is og séð þar hvaða iðngreinar eru í boði hverju sinni.“

Sólveig segir ennfremur ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að áhugasamir sjái ekki sína grein í boði þá geti verið gott að hafa samband og skrá sig á lista. Ráðgjafar Iðunnar munu þá hafa samband næst þegar viðkomandi grein er á dagskrá.

Fjölmargir nýta sér raunfærnimat

Spurð um það hverjir nýti sér raunfærnimat segir Sólveig að til þess að taka þátt þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði. „Einstaklingar sem hafa unnið við viðkomandi starfsgrein í að minnsta kosti þrjú ár og hafa náð 23 ára aldri geta sótt um þátttöku í raunfærnimati. Ég mæli með því að einstaklingar skoði þekkingu sína og reynslu út frá skimunarlista inn á vefsíðunni www.naestaskref.is til að fá skýrari mynd af því hvernig raunfærnimatið er sett upp. Þá fá þeir líka tilfinningu fyrir því hvort raunfærnimatið sé hentugur kostur fyrir þá út frá starfsreynslu.“

Ferlið getur tekið mislangan tíma

„Það er mjög misjafnt hvað ferlið í raunfærnimati tekur langan tíma“ segir Sólveig.



■ Sólveig Indriðadóttir, náms- og starfsráðgjafi.

„Það fer í fyrsta lagi eftir því hvort viðkomandi verkefni sé í gangi hjá okkur í Iðunni einnig fer það eftir tíma umsækjanda, matsaðila og fleiru hversu hratt ferlið gengur fyrir sig. Tökum dæmi. Ef sótt er um í raunfærnimati sem er í gangi hjá okkur, umsækjandi skilar inn öllum gögnum í upphafi, fær matslista sendan og svarar honum fljótt þá getur ferlið sjálft gengið hratt fyrir sig.“

Að loknu raunfærnimati

Hvað gerist þegar einstaklingur hefur farið í gegnum raunfærnimat? „Eftir að raunfærnimati er lokið og niðurstöður liggja fyrir, þ.e. hvaða áfangar hafa verið metnir, þá geta þátttakendur farið með staðfestingu til viðkomandi skóla, til vinnuveitanda eða á þann stað sem við á hverju sinni.“ Sólveig vekur einmitt sérstaka athygli á því að margir vinnuveitendur standi þétt við bakið á sínu starfsfólki í þessu ferli öllu og hvetji það áfram. „Fagmenntun er svo mikilvæg, ekki bara fyrir einstaklingana heldur einnig fyrir fyrirtækin að hafa sem öflugastan starfsmannahóp.“

Hafðu samband ef þú hefur áhuga

„Fyrsta skrefið er að hafa samband við okkur,“ segir Sólveig. „Hægt er að hringja í síma 590-6400 eða senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is. Þá er hægt að sækja um þátttöku í raunfærnimati á vefslóðinni <https://rfm-umsokn.inna.is/login>. Hafa þarf í huga að með umsókninni þarf að fylgja staðfesting á þriggja ára reynslu í viðkomandi starfi. Einnig þarf að fylla út upplýsingar um náms- og starfsferil, upplýsingar um námskeið ef við á og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri.“

idan.is

VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Komdu og skoðaðu úrvalið hjá okkur á Iðnaðarsýningunni núna um helgina, í Laugardalshöll!

Stólpi Gámar

fyrir atvinnulífið



Stólpi Gámar eru með lausnir fyrir atvinnulífið - til leigu eða sölu

- Húseiningar
- Salernishús
- Geymslugáma
- Einangraða gáma
- Þurrgáma
- Hitastýrða gáma

Við bjóðum upp á gæða framleiðslu frá **Containex**, færanlega starfsmannaaðstöðu frá **EuroWagon.dk** og gáma og vöruskemmur frá **BOS**.

Rakaskiljur og blásara frá **Heylo**, rykvarnarkerfi frá **ZIPWALL**, og parket-og vinilklippur frá **BULLET TOOLS**.



www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík

Öruggar lausnir fyrir alhliða framkvæmdir



IÐNAÐAR
SÝNINGIN
2023

„Vinnupallar hafa náð stofnmarkmiðum sínum; með aukinni vitund og fræðslu hefur öruggisvitund hjá bæði almenningi og fagfólki eflst, verð á öruggisvörum hefur lækkað og öruggar lausnir með gæðavörum er orðin eðlileg krafa við framkvæmdir,“ segir Gunnar Örn Benediktsson sölustjóri Vinnupalla ehf. sem kynna þjónustu sína á Iðnaðarsýningunni.

Fallvarnarbúnaður fyrir almenning og fagfólk

Hann segir almenning nota fallvarnarbúnað til jafns við fagfólk og leita sér ráðgjafar áður en í framkvæmdir er farið. Enn fremur dreifist framkvæmdir betur yfir árið, viðhaldi innanhúss sé sinnt yfir vetrarmánuði á meðan viðhald utandyra markist af góðu veðurfari hverju sinni.

„Langvarandi viðskiptasambönd við fjölbreytta aðila eru ánægjuleg uppskera af markvissri uppbyggingu á fyrirtækinu síðustu ár,“ segir Gunnar. „Fyrirtækið er sífellt að sækja inn á ný svið og auka við breidd sértæks vöruúrvals. Sérstaða Vinnupalla er einstök þjónustulund því framkvæmdir eru afar sértækar og miklar áskoranir þeim tengdar. Okkar markmið er að veita viðskiptavinum ráðgjöf að öruggum lausnum með jákvæðni og drifkrafti – með samvinnu og samstöðu að leiðarljósi,“ segir Gunnar.

Allar gerðir hitablásara og bleikur verkfærakassi

„Náin samvinna við viðskiptavini hefur gert okkur leiðandi þegar kemur að leigu og sölu á vinnupöllum, hjólapöllum og stigum. Einstakt er að við seljum allar gerðir hitablásara; olíu-, vatns-, rafmagns- og gasblásara. Persónuhlífar á óþekktum verðum fylla búðina í haust; gleraugu, heyrnahlífar, hjálmar og rykgrímur. Við erum með flott



■ Öruggar lausnir með góðum pöllum er orðin eðlileg krafa við framkvæmdir.

úrval af stigum og tröppum fyrir allan iðnað og leggjum mikla áherslu á að selja vandaðar vörur í hvívetna,“ segir Gunnar.

„Við hugsum vöruúrval ávallt út frá framkvæmdasvæðum. Vinnustaðir þurfa að vera öruggt rammaðir af með vinnu-

staðagirdingum, göngubrúum, umferðaröryggismerkjum, fallvarnarbúnaði og svo framvegis. Framkvæmdasvæði þurfa að vera hrein og þurr, því erum við með ryksugur, iðnaðarsópa, þurrktæki, rakaskiljur og þess háttar. Nýjasta viðbótin eru bleikir



■ Samanbrjótanlegur bleikur verkfærakassi er nýjasta viðbótin hjá Vinnupöllum.

samanbrjótanlegir verkfærakassar. Það er frábær lausn að geta brotið kassana og liturinn er til þess fallinn að týna aldrei kassanum,“ segir Gunnar. „Við bætum við einni eða tveimur nýjum vörum í hvert skipti sem við kaupum frá birgja þannig að við erum alltaf að bæta, þétta og máta úrvalið.

Vinnupallar selja og leigja bæði til almennings sem fagfólks út um allt land og þvert á iðngreinar. Fólk í framkvæmdum og við iðnaðarstörf þarf sterkar, endingargóðar gæðavörur á hagstæðu verði og sveigjanleika í þjónustu,“ útskýrir Gunnar. „Við erum í nánnum samskiptum við okkar viðskiptavini og leitumst eftir sífelldri endurgjöf á bæði vörum og þjónustu. Það er besta leiðin til að vera á tánum og sinna tilgangi fyrirtækisins.“

vpallar.is.



■ Úrval hitablásara frá Vinnupöllum. Vöruúrval fyrirtækisins er stöðugt að aukast

UMBÚÐIR & PÖKKUN ER OKKAR FAG



Áprentaðir kassar og öskjur

Suðurhraun 4a - 210 Garðabæ - 5758000 - sala@samhentir.is - www.samhentir.is



Gámakassi vélreistur með styrkingu í hornum, skýr og góð prentun



Flugkassi, tvöföld langhlið sem tryggir meiri styrk og betri einangrun



Ferskfiskkassar
100% endurvinnanlegir



Samhentir



Vörumerking

Fjölbreyttar reimalausnir fyrir alla flutninga





Sterkbyggðu M5085 böndin eru einstaklega þrifavæn



Lestarbönd í miklu úrvali

Erum sterk í öllum matvælaböndum hvort sem er á sjó eða landi



Þéttilistar fyrir lestarlúgur og vatnspétt skilrúm



**GÚMMÍSTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**

